

Efnisyfirlit

Formáli.....	2
I. STARFSEMI.....	3
1. Skipurit.....	3
2. Hlutverk Tilraunastöðvarinnar.....	4
3. Yfirlit yfir starfsemina.....	5
II. STJÓRN OG STARFSLIÐ.....	11
III. RANNSÓKNARVERKEFNI.....	14
1. Mæði - visnuveira (MVV) og aðrar lentiveirur.....	14
2. Riða og aðrir prionsjúkdómar.....	17
Samstarf um rannsóknir á prionsjúkdómum innan Evrópu.....	20
3. Bakteríusjúkdómar í dýrum og varnir gegn þeim.....	21
4. Fisksjúkdómar, fiskaónæmisfræði o.fl.	22
5. Sníkjudýrarrannsóknir.....	32
6. Ýmsar rannsóknir á spendýrum og fuglum.....	38
7. Sjúkdómar í mönnum.....	43
8. Þjónusta.....	46
9. Gæðamál.....	58
IV. RITVERK, FYRIRLESTRAR OG FLEIRA.....	59
Framhaldsnámsritgerðir.....	59
Greinar birtar í bókum eða tímaritum.....	59
Ýmsar greinar og skýrslur.....	62
Veggspjöld og erindi á alþjóðlegum ráðstefnum.....	62
Veggspjöld og erindi á innlendum ráðstefnum.....	68
Fræðslufundir á Keldum.....	69
Ýmsir fyrirlestrar, ráðstefnur og fundir.....	70
V. TRÚNAÐARSTÖRF, KENNSLA, HEIMSÓKNIR, NÁMSKEIÐ o.fl.....	74
Ýmis trúnaðarstörf.....	74
Kennsla.....	78
Heimsóknir erlendra sérfræðinga vegna rannsókna.....	81
Aðrar heimsóknir.....	81
Námskeið og endurmenntun.....	82
VI. BÓKA- OG SKJALASAFN.....	83
VII. FRAMLEIÐSLA OG SALA.....	84
VIII. BÚREKSTUR.....	85
IX. VERKLEGAR FRAMKVÆMDIR.....	86
X. REIKNINGAR TILRAUNASTÖÐVARINNAR.....	88

Formáli

Í þessari skýrslu er þeirri hefð haldið, að gefa yfirsýn yfir hin fjölbreyttu verkefni sem fengist er við á stofnuninni.


Upplýsingar um rannsóknaverkefni og flesta aðra þætti starfseminnar eru teknar saman af viðkomandi starfsfólki. Reynt hefur verið að samræma framsetninguna í stórum dráttum.

Sigurður H. Richter var ritstjóri ársskýrslunnar og sá um söfnun efnis og vinnslu.

I. STARFSEMI

1. Skipurit

Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum



2. Hlutverk Tilraunastöðvarinnar

Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum starfar eftir lögum um stofnunina nr. 67 frá 1990. Hún er háskólastofnun sem tengist læknaeild en hefur sérstaka stjórn og sjálfstæðan fjárhag.

Hlutverk stofnunarinnar lögum samkvæmt er m.a. :

1. Að stunda grunnrannsóknir í líf- og læknisfræði dýra og manna.
2. Að annast rannsóknir og þjónustu í þágu heilbrigðiseftirlits, sjúkdómsgreininga og sjúkdómsvarna fyrir búfé og önnur dýr í samstarfi við yfirdýralækni og þróaðferðir í því skyni. Enn fremur að vera yfirdýralækni til ráðuneytis um allt er varðar sjúkdóma í dýrum og varnir gegn þeim.
3. Að þróa, framleiða, flytja inn og dreifa bóluefni og lyfjum gegn sjúkdómum í búfé og öðrum dýrum.
4. Að veita háskólakennurum og öðrum sérfræðingum, sem ráðnir eru til kennslu og rannsókna á sviði stofnunarinnar, aðstöðu til rannsókna eftir því sem við verður komið.
5. Að annast endurmenntun dýralækna, eftir því sem aðstæður leyfa, og miðlun upplýsinga til þeirra í samvinnu við yfirdýralækni.
6. Að annast eldi á tilraunadýrum fyrir vísindalegar rannsóknir í landinu.
7. Að taka þátt í rannsóknum og þróunarvinnu í þágu líftækniöðnaðar í landinu.

Að auki er Tilraunastöðinni ætlað sérstakt hlutverk við rannsóknir á fisksjúkdómum, skv. lögum nr. 50 frá 1986.

Tilraunastöðin hefur leitast við að sinna þeim margvíslegu hlutverkum sem henni er ætlað. Starfsemin er því mjög fjölbætt og aðferðum margra fræðigreina er beitt í grunn- og þjónusturannsóknum, þ.e. líffærameinafræði, örverufræði, ónæmisfræði, sníkju- og meindýrafræði, lífefnafræði og sameindalíffræði.

3. Yfirlit yfir starfsemina

Árið 2008 voru 60 ár síðan starfsemi hófst á Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum. Allt frá upphafi hefur starfið verið að þróast og í dag er Tilraunastöðin metnaðarfull háskólastofnun með mikinn fjölbreytileika. Á Keldum starfa öflugir, sérmenntaðir og framsæknir vísindamenn, hér er fagleg forysta á ýmsum fræðasviðum og mikil þekking og reynsla. Jafnframt er um að ræða fjölbreytt og gefandi samstarf við atvinnulífið, s.s. við landbúnað, fiskeldi og matvælaframleiðslu. Meginviðfangsefni Tilraunastöðvarinnar eru rannsóknir á dýrasjúkdómum og varnir gegn þeim. Hvatinn að hagnýtingu rannsókna er mikilvægi heilbrigðra dýra sem fá fóður af bestu gæðum og bera ekki sjúkdóma í menn. Vegna einangrunar landsins er staða dýrasjúkdóma sérstök og tiltölulega auðvelt er að halda skráningu yfir þá. Á Íslandi eru vel skilgreindir dýrastofnar sem hafa annað næmi fyrir ýmsum sjúkdómum en gengur og gerist í heiminum. Rannsóknir á slíkum efnivið, sem byggir á ríkri hefð og sterkri sögu, hefur gefið Tilraunastöðinni sérstöðu og skiptir það sköpum fyrir framtíðina.

Mikilvægt er að varðveita og efla nútímalega þekkingarstofnun eins og Tilraunastöðina, sem á framtíð fyrir sér og er í sterkum tengslum við þarfir atvinnulífsins. Hröð og kraftmikil uppbygging á Keldum er enn mikilvægari nú vegna þeirra kringumstæðna sem eru í íslensku þjóðlífi þessa dagana. Það þarf að skapa aðstæður til frekari framþróunar. Verkefni okkar Íslendinga í dag er að byggja upp íslenskt samfélag. Við þurfum að átta okkur á að þjálfun, rannsóknir og nýsköpun á fræðasviðum Tilraunastöðvarinnar, sem þegar hefur trausta innviði, er eitt af þeim langtímaúræðum sem hlúa þarf betur að.

Tilraunastöðin tengist læknaeild HÍ og hefur sérstaka stjórn og sjálfstæðan fjárhag. Starfseminni er skipt í þrjár fagdeildir: 1) Veiru- og sameindalíffræðideild, 2) Bakteríu- og sníkjudýradeild og 3) Rannsóknadeild fiskisjúkdóma.

Sá hluti af starfsemi Matvælastofnunar sem hafði aðstöðu að Keldum fluttist brott á árinu, en þar unnu nú starfsmenn.

Rannsóknir og þjónusta

Helstu fræðasviðin á Keldum eru príonfræði, veirufræði, bakteríufræði, sníkjudýrafræði, ónæmisfræði, meinafræði og sameindalíffræði. Rannsóknaverkefni á síðastliðnu ári voru m.a. ónæmis- og sjúkdómafræði fiska, sníkjudýra- og bakteríufræði, veirur í sauðfé og hestum, riða og skyldir sjúkdómar og sumarexem í hestum. Allmargir áfangar náðust og voru þeir kynntir á fjölmörgum ráðstefnum hérlendis og erlendis. Flestir sérfræðingar stofnunarinnar eiga samstarf við innlenda og erlenda vísindamenn. Í alþjóðlegum ritrýndum tímaritum birtust m.a. niðurstöður rannsókna í príon-, veiru-, bakteríu-, sníkjudýra- og ónæmisfræðum. Þar af voru birtar nítján greinar í ISI-tímaritum, sem er rétt yfir meðaltali stofnunarinnar síðastliðin fimm ár. Tímaritið PLOS Genetics er með hæstan IF (impact factor) tímaritanna sem vísindagreinarnar birtust í, en í greininni sem birtist þar eru niðurstöður um rannsóknir á arfgengri heilablæðingu. Í þessum nítján ISI greinum kemur fram innlend og erlend samvinna og þar má m.a. sjá samvinnu við alþjóðlega viðurkennda háskóla og háskólastofnanir, s.s. fimm háskóla sem flokkast á topp 100 lista skv. flokkun Institute of Higher Education, Shanghai Jiao Tong University. Þeir eru University of

Cambridge, John Hopkins University, University of Minnesota, University of Copenhagen og University of Edinburgh og átta háskólar á topp 500 sama lista.

Tilraunastöðin hefur þjónustuskyldur varðandi greiningar á dýrasjúkdómum sem eru í nánnum tengslum við rannsóknirnar til að samlegðaráhrif verði sem best. Starfið á Keldum er gott dæmi um hvernig tengsl atvinnulífs og vísindastarfs getur verið. Slík tengsl eru mikilvæg í litlu landi þar sem kraftar og þarfir atvinnulífs eru nýtt til vísindarannsókna sem skilar sér til baka til atvinnulífsins með nýrri þekkingu og greiningaraðferðum. Meðal greininga voru alvarleg tilvik sem skilgreind eru sem A sjúkdómar, þ.e. riðuveiki í sauðfé og plasmacytósa í minkum. Einnig greindust á árinu garnaveiki í sauðfé, hringskyrfi í nautgripum og salmonellusýkingar í alifuglum, svínum og hrossum. Starfsfólk Keldna tók þátt í að greina sjúkdóm sem ekki hafði gert vart við sig á Íslandi áður, þ.e. PKD-sýki í fiski. *Trichinella nativa* greindist í ísbirni sem kom til landsins á árinu en tríkínur hafa einu sinni áður fundist í ísbirni á Íslandi, fyrir rúmlega fjörutíu árum. Á árinu fannst brúni hundamítillinn, en nokkur einangruð tilvik hafa áður greinst. Í rjúpum og æðarfugli greindust áður óþekkt sníkjudýr. Framleidd voru bóluefni og mótefnablóðvökvar gegn bakteríusjúkdómum í sauðfé. Einnig var safnað blóði úr hrossum, kindum og naggrísunum til notkunar á rannsóknastofum. Smádýr voru notuð við tilraunir, bæði fyrir Tilraunastöðina og aðrar rannsóknastofnanir.

Rannsóknirnar eru að hluta til fjármagnaðar með sértekjum úr samkeppnisjóðum. Styrkir og framlög hækkuðu frá fyrra ári. Auk erlendra styrkja vegna samstarfsverkefna fengust styrkir fyrir ýmis önnur verkefni frá Rannsóknamiðstöð Íslands, Rannsóknasjóði Háskóla Íslands, Framleiðnisjóði Landbúnaðarins og AVS-rannsóknasjóði í sjávarútvegi. Sértekkjur fengust fyrir útselda sérfræðivinnu, m.a. vegna sjúkdómagreininga.

Starfsfólk

Alls inntu 65 manns rúmlega 50 ársverk af hendi á starfsárinu og er það svipað og árið áður. Fimm starfsmenn unnu við stjórnslu, á skrifstofu og við afgreiðslu. Sérfræðingar voru alls 17 og þeim til aðstoðar hátt í þrjú tugir háskólamenntaðs, sérmenntaðs og ófaglærðs starfsfólks.

Fræðsla og kynningarstarfsemi

Tilraunastöðin tók þátt í útgáfu tímaritsins Icelandic Agricultural Sciences, birtar voru greinar í vísindatímaritum og ársskýrslu var dreift víða. Fræðslufundir voru haldnir að jafnaði hálfsmánaðarlega. Þeir voru öllum opnir og kynntir víða, m.a. öllum háskólaborgurum og dýralæknum. Niðurstöður verkefna voru kynntar á ráðstefnum á Íslandi og víða erlendis. Starfsmenn komu að skipulagi ráðstefna, þar af voru tvær haldnar hérlandis, annars vegar alþjóðleg ráðstefna í tilefni sextugasta starfsárs Tilraunastöðvarinnar og hins vegar norræn ráðstefna dýrameinafræðinga.

Sextán líffræði-, dýralækna- og lífeindafræðinemar unnu að rannsóknarverkefnum á Keldum. Níu þeirra voru í MS-námi og sex í PhD-námi.

Ítarlegar upplýsingar um starfsemina er að finna á heimasíðu stofnunarinnar (www.keldur.hi.is).

Afmælisráðstefna

Ýmislegt var gert til að fagna afmælisárinu, m.a. fór starfsfólk í afmælisferð í maí og í september var haldin alþjóðleg ráðstefna um fisksjúkdóma og fiskaónæmisfræði (International Conference on Fish Diseases and Fish Immunology). Samhliða auknum áhuga á fiskeldi víða um heiminn, hafa vísindamenn aflað nýrrar þekkingar um fisksjúkdóma og fiskaónæmisfræði. Á Keldum hafa farið fram rannsóknir á fisksjúkdómum og í fiskaónæmisfræði í áratugi og Rannsóknadeild Fisksjúkdóma er þar starfandi skv. sérlögum frá árinu 1986. Rannsóknirnar hafa fylgt áherslum í íslensku fiskeldi, í fyrstu í tengslum við laxeldi og nú á síðustu árum í tengslum við aðrar tegundir. Frá Keldum liggja fyrir rannsóknir og niðurstöður um smitsjúkdóma, sem hafa verið birtar víða, m.a. í alþjóðlegum ritrýndum tímaritum. Þar á meðal eru rannsóknir um samspil hýsils og sýkils og áhrif bóluefna. Þekkingaröflun á sviði fisksjúkdóma og fiskaónæmisfræði hefur þróast mikið á síðustu árum. Því þótti vel við hæfi að á ráðstefnunni væri lögð áhersla á þetta efni og er það í takt við þróun Tilraunastöðvarinnar á síðustu árum. Þátttakendur ráðstefnunnar voru frá sex heimsálfum: Afríku, Asíu, Evrópu, Eyjaálfu, N-Ameríku og S-Ameríku og 26 löndum. Meðal þátttakenda voru vísindamenn með alþjóðlega viðurkenningu. Miklar upplýsingar liggja fyrir um eðli fisksjúkdóma og þeirra sýkla sem valda þeim, þ.e. veira, baktería, sníkjudýra og sveppa. Hröð þróun hefur verið í þekkingaröflun á þessu sviði innan alþjóðlega vísindasamfélagsins. M.a. voru kynntar smittilaunir og þörfin er ljós á góðri aðstöðu til slíkra rannsókna. Á ráðstefnunni lögðu sérfræðingar áherslu á mikilvægi þess að efla rannsóknir á lifandi fiskum. Á Íslandi hefur í því samhengi verið horft til þess að byggja upp góða aðstöðu við Fræðasetrið í Sandgerði í framtíðinni, en þar er hentugur borholusjór og mikilvægt að hraða uppbyggingu sem mest. Ráðstefnan var vettvangur þess að efla ný sambönd milli vísindamanna, fyrirtækja og háskólastofnana fyrir samvinnu í framtíðinni. Allmargir nemendur í rannsóknanámi tóku þátt í ráðstefnunni og í boði voru sérstakar styrkveitingar til þeirra. Ljóst er að aukinn skilningur á smitefnum í fiskeldi stuðlar að auknu verðmæti. Ráðstefnuhefti var gefið út, en þar er að finna útdrætti (samantekt) um helstu niðurstöður og ályktanir.

Ný öryggisrannsóknastofa að Keldum

Nýtt hús er tilbúið til notkunar til rannsókna á smitefnum og hýsir það öryggisrannsóknastofu og öryggiskrufningsstofu. Enginn vafi er á að þessi byggingarframkvæmd er sú tæknilega flóknasta sem unnin hefur verið á Keldum. Víða hefur verið leitað fanga varðandi upplýsingar um fyrirkomulag og hönnun og hafa sérfræðingar komið til landsins til að vera ráðgefandi við framkvæmdir, bæði frá Svíþjóð og Kanada. Byggingarframkvæmdir hófust árið 2006, húsið reis á árinu 2007, árið 2008 var unnið að innréttingum og tæknimálum og öryggisrannsóknastofan er nú tilbúin til notkunar. Vel hefur verið staðið að verkinu, það er öllum aðilum, sem að því hafa komið, til sóma og útkoman er glæsileg. Aðstaðan mun verða sú fullkomnasta sinnar tegundar á Íslandi í dag. Öryggisrannsóknastofan uppfyllir BSL3-kröfur (Biosafety Level 3) og þar mun fara fram margvísleg vinna með smitefni, s.s. tilraunavinna með smitefni, vinna með smitefni tengd frumurækt og gerð frumulína, þjónusta við hreinsun smitefna, vinna með smitefni sem eru jákvætt viðmið í skimunarvinnu, vinna með smitefni sem vitað er að eru í landinu og vinna með smitefni sem ekki hafa greinst en gætu verið í landinu (t.d. fuglaflensa). Aðstaðan verður viðbúnaðar-

rannsóknastofa ef grunur kemur upp um nýtt smitefni sem ekki hefur áður greinst í landinu.

Flutningur Tilraunastöðvarinnar

Frá því að menntamálaráðherra og ríkisstjórn ákváðu, árið 2001, að Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum skyldi flutt í Vatnsmýrina, hefur verið unnið að undirbúningi flutninga. Allmargar skýrslur hafa verið gerðar vegna flutninganna sem Menntamálaráðuneytið, Tilraunastöðin, erlendir sérfræðingar og aðrir hafa komið að, m.a. tvær þarfagreiningarskýrslur og skýrsla um niðurstöðu skipulagssamkeppni og frumáætlun um lóðina í Vatnsmýrinni og Háskólasjúkrahúsið. Skipulagssamkeppnin og frumáætlunin náðu til sjúkrahússins, heilbrigðisvísindadeilda Háskóla Íslands og Tilraunastöðvarinnar.

Árið 2005 ákvað ríkisstjórnin að verja 18 milljörðum króna til uppbyggingar nýs háskólasjúkrahúss á lóð sjúkrahússins við Hringbraut í Reykjavík. Þessum fjármunum skal varið til að ljúka skipulagsvinnu og undirbúningi svæðisins, byggja slysa- og bráðþjónustu og reisa hús fyrir rannsóknir. Ákvörðunin var staðfest með lögum frá Alþingi haustið 2005, en þau lög voru felld úr gildi með lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum í desember 2008. Í fjárlögum ársins 2009 er gert ráð fyrir að verja 400 milljónum króna til byggingar hátæknisjúkrahúss á lóð Landspítala. Að öðru leyti liggur fjármögnun verkefnisins ekki fyrir og kostnaður vegna nýbygginga Tilraunastöðvarinnar hefur ekki verið skilgreindur í fjárlögum, en það er áhyggjumál nú á óvissutímum í fjármálum þjóðarinnar. Arkitektafyrirtækið C.F. Møller gerði frumkostnaðarmat í febrúar 2008. Þar er kostnaður við nýbyggingar Tilraunastöðvarinnar áætlaður 3.029 milljónir króna. Í umsögn Framkvæmdasýslu ríkisins um frumathugun, sem gerð var í apríl 2008, er kostnaður áætlaður 2.500 milljónir króna og hærri mörk, miðað við 15% óvissu, eru 2.900 milljónir króna. Ljóst er að þessar tölur eru þegar orðnar úreltar vegna óstöðugleika í fjármálum landsins og falls íslensku krónunnar og það er augljóslega mikilvægt að endurskoða kostnaðartölur í svo sérhæfðu rannsóknahúsnæði. Starfsemi Tilraunastöðvarinnar krefst sérhæfðs rannsóknahúsnæðis og flest tæki og tæknimál koma erlendis frá. T.d. má benda á sérhæfða öryggisrannsóknastofu (af BSL3 gerð) og sérhæfða aðstöðu fyrir tilraunadýr.

Endanleg ákvörðun um nákvæma staðsetningu á framtíðaraðstöðu Tilraunastöðvarinnar liggur ekki fyrir, en öll vinna miðar við staðsetningu vestast á LSH-svæði, á svokölluðum Umferðarmiðstöðvarreit. Ákvörðun um landrými undir starfsemi Tilraunastöðvarinnar liggur heldur ekki fyrir. Í *Skilgrein* nefndar menntamálaráðherra um framtíð og skipan Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum, dags. 3. nóvember 2008, kemur m.a. fram varðandi forsendur að “Stofnunin verði flutt frá núverandi athafnasvæði að Keldum við Vesturlandsveg og meginstarfsemin verði byggð upp á LSH-reit í Vatnsmýri.” Einnig þarf að vinna frekar í að skilgreina aðrar starfsstöðvar Tilraunastöðvarinnar: 1) aðstöðu fyrir stærri tilraunadýr (hesta og kindur, en blóðtaka fer fram 1-2svar í viku fyrir LSH), en mikilvægt er að hafa hana á Stór-Reykjavíkursvæðinu og 2) aðstöðu fyrir smittilaunir og bóluefnarannsóknir í sjávarfiskum, en horft hefur verið til þess að byggja upp góða aðstöðu við Fræðasetrið í Sandgerði í framtíðinni, því þar er hentugur borholusjór og mikilvægt að hraða uppbyggingu sem mest.

Tímarammi flutninga er óljós og þörf er á að skilgreina tímaáætlun. Mikilvægt er að hraða sem mest uppbyggingu Tilraunastöðvarinnar í Vatnsmýrinni. Ekkert ætti að vera því til fyrirstöðu að byggja upp aðstöðu fyrir Tilraunastöðina í fyrstu

byggingaráföngum verksins í heild. Gera þarf ráð fyrir að starfsemi Tilraunastöðvarinnar sé þar sem hún er nú og flytjist ekki í Vatnsmýrina fyrr en aðstaðan þar er fullgerð. Áfram er þörf á að þróa og bæta aðstöðuna að Keldum, allt þar til kemur að flutningum í fullbúna aðstöðu í Vatnsmýrinni.

Háskóli Ísland hefur boðið Tilraunastöðinni að Keldum að taka þátt í "notendavinnu LSH" og Tilraunastöðin hefur þegið það. Aðilar frá Keldum tóku þátt í því að skilgreina húsakynni og aðstöðu fyrir Tilraunastöðina, en sú vinna fór fram í sambandi við nýbyggingaráform LSH og HÍ á Landspítalalóð. Þetta var gert í samvinnu við arkitektafyrirtækið C. F. Møller, sem hefur lagt fram teikningar með tillögum að framtíðarskipulagi og framkvæmt frumathugun. Teikningar af framtíðarhúsakynnum Tilraunastöðvarinnar eru í vinningstillögunum frá árinu 2005, endurskoðaðri vinningstillögu frá árinu 2007 og í frumáætlun frá árinu 2008. Þar eru teiknaðir 5.712 m² fyrir starfsemi Tilraunastöðvarinnar í sérstöku húsnæði á þremur hæðum. Í skýrslunni er einnig gert ráð fyrir stækkunarmöguleikum. Teikningarnar ná til innra skipulags Tilraunastöðvarinnar og fermetrar fyrir einstök fræðasvið og starfseiningar eru skilgreindir. Í árslok 2008 var unnið að texta fyrir *Samkeppnislýsingu*. Í kafla um Tilraunastöðina kemur eftirfarandi fram: "ENDURSKOÐUN FRÁ FRUMATHUGUN: Niðurstaða frumathugunar er varðar hönnun og skipulag tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum gildir sem forsögn í samkeppninni en keppendur eru beðnir um að endurskoða eftirfarandi þætti. Í megindráttum er sátt meðal starfsmanna Keldna með fyrirkomulag Tilraunastöðvarinnar í frumathugun. Þó er óskað eftir því að keppendur endurskoði fyrirkomulag þeirra eininga er snúa í suður miðað við þá tillögu sem fyrir liggur í frumathugun. Þetta á við um hæðir -1 og -2 og einungis þá hluta sem snúa í suður og skulu þessir hlutar endurskoðaðir þannig að allt rýmið sem ætlað er fyrir tilraunadýr og rannsóknarstofur vegna dýratilrauna sé hannað út frá hefðum/stöðlum sem gilda fyrir slík rými."

Lagabreyting og framtíðarskipulag

Fimm manna nefnd á vegum Menntamálaráðuneytisins með það að markmiði að endurskoða lög Tilraunastöðvarinnar, lauk störfum. Í skilagrein nefndarinnar koma m.a. fram eftirfarandi niðurstöður og tillögur í sjö liðum:

“1. Lög nr. 67/1990 um Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum og lög nr. 50/1986 um rannsóknadeild fisksjúkdóma falli brott og Matvælastofnun taki yfir skyldur stofnunarinnar er varða dýrasjúkdómaeftirlit, vottorð og leyfisveitingar. Samráð verði haft við dýraheilbrigðisyfirvöld vegna nauðsynlegra laga-breytinga sem þessu tengjast og skulu þær einnig ná yfir tilkynningaskyldu til Matvælastofnunar ef niðurstöður greininga eða aðrar upplýsingar benda til hættu á útbreiðslu alvarlegra smitsjúkdóma í dýrum.

2. Nafninu verði breytt í “Dýraheilbrigðisstofnun Háskóla Íslands” (e. Institute of Veterinary Science, University of Iceland). Gert er ráð fyrir að stofnunin verði í framtíðinni til húsa á Landspítalalóð í Vatnsmýrinni og skal húsnæði sem byggt verður yfir starfseminna þar bera heitið KELDUR.

3. Dýraheilbrigðisstofnun HÍ verði þverfagleg stofnun sem heyri beint undir háskólaráð, með sérstök tengsl við heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands og eftir atvikum önnur fræðasvið.

4. Gerður verði viðauki við rannsóknar- og kennslusamning menntamálaráðuneytis og Háskóla Íslands um grunnfjárveitingar. Þar verði nánar skilgreind hlutverk

og skyldur stofnunarinnar sem vettvangs rannsókna, menntunar, ráðgjafar og þjónustu í dýraheilbrigðisfræðum.

5. Gerður verði samningur við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti um fjárveitingar vegna þjónustu- og ráðgjafarhlutverks gagnvart dýraheilbrigðisyfirvöldum, er tengist öryggisviðbúnaði og forgangsþjónustu.

6. Dýraheilbrigðisstofnun Háskóla Íslands verði skylt að halda uppi tilskilinni öryggisþjónustu á sviði dýraheilbrigðisrannsókna sem nánar verður skilgreind í samningi við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti. Stofnuninni er skylt að framkvæma rannsóknir vegna dýraheilbrigðiseftirlits á vegum hins opinbera eftir því sem nánar kveður á um í samningi.

7. Dýraheilbrigðisstofnun Háskóla Íslands taki við eignum og skuldbindingum Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum. Verkefni ótímabundið ráðinna starfsmanna flytjast yfir til Dýraheilbrigðisstofnunarinnar. Um flutning starfa fer að öðru leyti eftir ákvæðum laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum, og lögum nr. 72/2002 um aðilaskipti að fyrirtækjum, eftir því sem við á.”

Prófessor Sigurður Ingvarsson, forstöðumaður

II. STJÓRN OG STARFSLIÐ

Stjórn

Stefán B. Sigurðsson prófessor formaður	tilnefndur af læknadeild Háskóla Íslands.
Sigurbjörg Þorsteinsdóttir líffræðingur	kosin af starfsmönnum Tilraunastöðvarinnar.
Eggert Gunnarsson dýralæknir	tilnefndur af landbúnaðarráðherra úr hópi starfsmanna Tilraunastöðvarinnar.
Páll Hersteinsson prófessor	tilnefndur af raunvísindadeild Háskóla Íslands.
Halldór Runólfsson yfirdýralæknir	tilnefndur af landbúnaðarráðherra.

Ársverk

Forstöðumaður

Sigurður Ingvarsson líffræðingur Dr. Med. Sc.	1,00
---	------

Framkvæmdastjóri

Helgi S. Helgason viðskiptafræðingur M.S.	1,00
---	------

Aðrir starfsmenn

	Starfssvið	Ársverk
Árni Kristmundsson líffræðingur M.S.	Fisksjúkdómafræði	1,00
Ásgeir Ástvaldsson líffræðingur B.S.	Bakteríufræði	1,00
Ástríður Pálsdóttir lífefnafræðingur D.Phil.	Sameindalíffræði	1,00
Ásthildur Sigurjónsdóttir rannsóknarmaður	Bóluefnaframleiðsla	0,27
Bára Oddsteinsdóttir fulltrúi	Afgreiðsla, símavarsla	1,00
Bergljót Magnadóttir deildarstjóri Ph.D.	Ónæmisfræði	1,00
Birkir Þór Bragason líffræðingur Ph.D.	Sameindalíffræði	1,00
Bjarnheiður K. Guðmundsdóttir örverufr. Ph.D.	Örveru- og ónæmisfræði	1,00
Edda Björk Ármannsdóttir líffræðingur B.S.	Veiru- og sameindalíffræði	1,00
Eggert Gunnarsson deildarstjóri Dr. scient.	Bakteríufr.,bóluefnisframl.	1,00
Guðbjörg Jónsdóttir lífeindafræðingur B.S.	Bakteríufræði	0,53
Guðmundur Einarsson bústjóri, trésmíðameistari	Bústörf	1,00
Gunnar Karl Pálmason nemi	Ræsting	0,23
Harpa Lind Björnsdóttir líffræðingur B.S.	Fisksjúkdómadeild	0,15
Helga Guðmundsdóttir Sördal lífeindafræðingur B.S.	Gæðamál	1,00
Hildur Valgeirsdóttir líffræðingur B.S.	Bóluefnaframleiðsla	1,00
Hrafnhildur Steinarsdóttir skrifstofustjóri	Skrifstofa	1,00
Jóhanna Siggeirsdóttir rannsóknarmaður	Glerþvottur	0,75
Jóna Aðalheiður Aðólfisdóttir lífeindafræðingur B.S.	Sameindalíffræði	0,62
Karl Skírnisson dýrafræðingur Dr. rer. nat.	Sníkjudýra- og dýrafræði	1,00
Katrín Ástráðsdóttir líffræðingur B.S.	Bakteríufræði	0,10
Katrín Matthíasdóttir líffræðingur B.S.	Bóluefnaframl. leiðsla	0,64
Kristín V Á Sveinsdóttir bókasafnsfræðingur B.S.	Bókasafn	0,50

Linda Björk Vilhjálmsdóttir rannsóknarmaður	Glerþvottur	1,00
Jóna Sveinsdóttir	Ræsting	0,25
Mareike Heimann dýralæknir	Meinafræði	0,30
Marianne Jensdóttir líffræðingur B.S.	Sameindalíffræði	0,20
Marianna Bergsteinsdóttir dýralæknir	Bakteríufræði	0,39
Margrét Jónsdóttir rannsóknarmaður	Meinafræði	1,00
Marsibil Sigurðardóttir nemi	Ræsting	0,20
Matthías Eydal líffræðingur B.S.	Sníkjudýrafræði	1,00
Ómar Runólfsson rannsóknarmaður	Meinafræði	1,00
Ólafur Sigurðsson rafeindavirkjameistari	Tölvumaður	0,63
Ólöf Guðrún Sigurðardóttir dýralæknir Dr.med.vet.	Meinafræði	1,00
Signý Bjarnadóttir líffræðingur B.S.	Bakteríufræði	1,00
Sigríður Guðmundsdóttir líffræðingur M.S.	Fisksjd., ónæmisfræði	1,00
Sigríður Hjartardóttir líffræðingur B.S.	Bakteríufræði	1,00
Sigríður Poulsen skrifstofumaður	Skrifstofa	1,00
Sigurbjörg Þorsteinsdóttir ónæmisfr. Dr.Med.Sc.	Veiru- og ónæmisfræði	1,00
Sigurður H. Richter dýrafræðingur Cand.scient.	Sníkjudýrafræði, meindýr	0,49
Sigurður Helgason deildarstjóri Ph.D.	Fisksjúkd., örverufræði	1,00
Sigurður H. Helgason búfræðingur	Bústörf	1,00
Slavko H. Bambir dýralæknir Dr.sci.	Fisksjúkd., líffærameinafr.	0,08
Sonja Vilhjálmsdóttir rannsóknarmaður	Tilraunadýrahald	1,00
Stefanía Þorgeirsdóttir frumulíffræðingur Ph.D.	Sameindalíffræði	0,83
Steinunn Árnadóttir lífeindafræðingur B.S.	Meinafræði	1,00
Vala Friðriksdóttir ónæmisfræðingur Dr.scient.	Bakteríu- og ónæmisfræði	1,00
Valgerður Andrésdóttir sameindalíffr. Ph.D.	Sameindalíffræði	1,00
Vilhjálmur Svansson dýralæknir Ph.D.	Veirufræði	1,00
Þórdís Hjörleifsdóttir þvottur, ræsting	Glerþvottur	0,70
Þórunn Guðlaugsdóttir nemi	Smádýr og bóluefni	0,57
Þórunn Guðmundsdóttir lífeindafræðingur B.S.	Örveru- og ónæmisfræði	0,18

Fólk í námsverkefnum

Ásbjörg Ósk Sigurðardóttir lífeindafræðingur B.S.	Sameindalíffræði	0,08
Auður Aðalbjarnardóttir líffr. B.S., M.S. nemi	Örveru- og ónæmisfræði	0,33
Berglind Gísladóttir líffræðingur B.S.	Ónæmisfræði	0,53
Bryndís Björnsdóttir M.S., Ph.D.nemi	Örveru- og ónæmisfræði	1,00
Eydís Þórunn Guðmundsdóttir nemi	Sameindalíffræði	1,00
Harpa Lind Björnsdóttir líffræðingur B.S.	Veiru- og ónæmisfræði	0,15
Hélène L. Lauzon, matvælafræ. M.S., PhD nem	Örveru- og ónæmisfræði	-
Hólmfríður Sunna Guðmundsdóttir B.S. nemi	Veiru- og ónæmisfræði	0,36
Ívar Örn Árnason líffræðingur B.S., M.S. nemi	Fisksjúkdeild	1,00
Johanna Hentschke, lífefnafræðingur PhD nemi	Örveru- og ómeindalífr	-
Katrín Ólafsdóttir líffræðingur B.S., M.S. nemi	Sameindalíffræði	0,90
Lilja Þorsteinsdóttir líffræðingur B.S., M.S. nemi	Veiru- og ónæmisfræði	0,75
Mareike Heimann dýralæknir og PhD. nemi	Veiru- og ónæmisfræði	0,70
Rannveig Björnsdóttir, örverufr Cand.scient, PhD nemi	Örveru- og ónæmisfræði	-
Sigríður Steinunn Auðunsdóttir B.S., M.S. nemi	Fisksjúkdómadeild	0,62
Sigríður Jónsdóttir B.S. og M.S. nemi	Veiru- og ónæmisfræði	0,58
Sólrun Þóra Þórarinsdóttir líffr. B.S. og M.S.nemi	Sníkjudýrafræði	0,17
Stefán Ragnar Jónsson líffr. B.S., PhD. nemi	Sameindalíffræði	-

Þórunn Sóley Björnsdóttir lífeindafræðingur B.S.	Veiru- og ónæmisfræði	0,31
Þórunn Rafnar Þorsteinsdóttir líffr. B.S., PhD. nemi	Bakteríufræði	0,70

Afleysingafólk

Sif Sigurðardóttir nemi	Bóluefnadeild	0,10
Karl B. Stefánsson nemi	Bústörf	0,23
Fjöldi ársverka samtals		52,43

III. RANNSÓKNARVERKEFNI

Erfitt er að flokka þau fjölbreyttu rannsóknaverkefni sem fengist er við á stofnuninni á einfaldan og ótvíræðan hátt. Sú leið hefur verið valin að flokka þau að svo miklu leyti sem unnt er samkvæmt skyldleika rannsóknaverkefna og þess efniviðar sem unnið er með.

Verkefnunum í hverjum undirkafla er raðað í stafrófsröð eftir heiti verkefna.

1. Mæði-visnuveira og aðrar lentiveirur
2. Riða og aðrir príonsjúkdómar
3. Bakteríusjúkdómar í dýrum og varnir gegn þeim
4. Fisksjúkdómar og fiskaónæmisfræði
5. Sníkjudýrarannsóknir
6. Ýmsar rannsóknir á spendýrum og fuglum
7. Sjúkdómar í mönnum
8. Þjónusta
9. Gæðamál

1. Mæði - visnuveira (MVV) og aðrar lentiveirur

Flúrljómandi mæði-visnuveira

Starfslið: Hólmfríður Sunna Guðmundsdóttir, Valgerður Andrésdóttir.
Upphaf: 2008; Lok: 2009

Það er mjög mikilvægt við rannsóknir á áhrifum ýmissa hindra eða stökkbreytinga á veirur að hafa tæki til að greina vöxt veiranna hratt og örugglega. Í rannsóknnum bæði á músaretroveirum og HIV-1 eru notaðar veirur eða vektorar sem eru með sýnigen sem auðvelt er að nema, oftast grænt flúrprótein (EGFP). Sýktar frumur eru þá numdar annað hvort í flúrsmásjá eða með FACS tækni. Í þessu verkefni var *egfp* geninu skeytt inn í dUTPasa gen veirunnar, en við höfum áður sýnt fram á að dUTPasi er ekki nauðsynlegur fyrir vöxt veirunnar. Veirur með *egfp* genið uxu í háan títur og sýktar frumur lýstu grænu í flúrsmásjá. Þessar veirur verða notaðar í rannsóknnum á áhrifum stökkbreytinga á veiruna.

Verkefnið var styrkt af Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.

Hlutverk Tat í mæði-visnuveiru

Starfslið: Katrín Ólafsdóttir, Valgerður Andrésdóttir.
Upphaf: 2007; Lok: 2008.

Sýnt hefur verið fram á að *tat* gen í geitaveirunni CAEV, sem er náskyld mæði-visnuveiru og getur sýkt kindur jafnt sem geitur, er ekki nauðsynlegt til þess að veiran geti vaxið í frumurækt eða sýkt geitur. Við hönnun á flúrljómandi mæði-visnuveiru ákváðum við að freista þess að setja grænt flúrprótein (EGFP) inn í genóm veirunnar í staðinn fyrir *tat*-genið. Þá kom í ljós, að ólíkt CAEV þarf MVV *tat* til að geta fjölgað sér. Við ákváðum að kanna þetta nánar, og settum stopp-tákna í genið til að útiloka að um áhrif á RNA stigi gæti verið að ræða. Sama niðurstaða fékkst, þ.e. að MVV þarf þetta gen til þess að geta vaxið vel, hvort sem er í æðflækjufrumum (SCP) eða átfrumum. *Tat* genið í mæði-visnuveiru eykur umritun veirunnar u.þ.b. 4-falt, og ýmislegt bendir til þess að það sé samsvarandi vpr-geni í HIV.

Hlutverk Vif í mæði-visnuveiru

Starfslið: Katrín Ólafsdóttir og Valgerður Andrésdóttir.
Samstarf: Ólafur S. Andrésson, líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands.
Upphaf: 2000. Lok: óviss.

Þetta verkefni er framhald verkefnisins: "Kortlagning þátta sem hafa áhrif á vöxt mæði-visnuveiru í hnattkjarna átfrumum", þar sem kortlagðar voru stökkbreytingar í *vif* geni (*vif* = virion infectivity factor) og CA (capsid) hluta *gag* gens mæði-visnuveiru. Þessar stökkbreytingar eru samverkandi og hafa þau áhrif að veiran vex illa í hnattkjarna átfrumum. Niðurstöðurnar benda til að um samspil sé að ræða milli þessara tveggja próteina í fjölgunarferli veiranna í hnattkjarna átfrumum (Gudmundsson et al., Journal of Virology, 2005). Lengi vel var alveg á huldu hvert hlutverk *Vif* er, en nýlega kom í ljós, að HIV-1 *Vif* verndar veirurnar gegn innbyggðum veiruhindra, sem nefnist APOBEC3G. Þetta prótein er cytidine deaminasi sem deaminerar cytidine í nýmynduðu einþátta DNA í uridine og veldur því þannig að annað hvort er veiru-DNAið brotið niður eða það verða G-A stökkbreytingar. Ef *Vif* er ekki í veirunni er APOBEC3G pakkað inn í veiruagnir. *Vif* hindrar þessa þökkun með því að merkja APOBEC3G og færa það til niðurbrots. Við höfum sýnt fram á að virkni *Vif* í MVV er mjög lík virkninni í HIV (Kristbjörnsdóttir et al., Virology, 2004). Ýmislegt bendir þó til að þetta sé ekki eina hlutverk *Vif* (sjá ársskýrslur fyrri ára). Í þessari rannsókn er hlutverk *Vif* kannað nánar.

Rannsóknir okkar benda til að líklegt sé að *Vif* úr mæði-visnuveiru verji veirurnar einnig fyrir annarskonar innbyggðum veiruvörnum í frumunum en APOBEC3, þ.e. deaminasa með aðra sértækni og hindra sem hefur tengsl við hylkisprótein veirunnar. Í verkefninu voru merki um aðra deaminasa könnuð með því að raðgreina veirur sem hafa mismunandi stökkbreytingar í *vif* geni og sem hafa verið ræktaðar í mismunandi frumugerðum. Í ljós kom að stökkbreytingin í *vif*, sem er samverkandi við stökkbreytinguna í CA hafði ekki í för með sér aukna G-A stökkbreytitiðni og hefur þess vegna áhrif á aðra virkni *Vif* en að hindra APOBEC3.

Verkefnið er styrkt af Rannsóknasjóði Háskóla Íslands og Vísindasjóði Rannís

Taugasækni mæði-visnuveiru

Starfslið: Eydís Þórunn Guðmundsdóttir, Sigurður Ingvarsson, Valgerður Andrésdóttir.
Upphaf: 2007. Lok áætluð 2009.

Þetta er framhald meistaraverkefnis Þórðar Óskarssonar. Í því verkefni kom í ljós að mæði-visnuveirur með 53bp endurtekna röð í LTR (long terminal repeat) vaxa betur í æðflækjufrumum og liðþelsfrumum úr lömbum en þær sem hafa ekki endurtekna röð. Líklegt er að á þessu svæði séu efliraðir sem umritunarþættir úr frumunni þekkja. Blendingsveirur með mismunandi úrfellingum í annað 53p eintakið voru útbúnar og vöxtur þeirra kannaður í frumuræktum. Í ljós kom að fimm basa röð (CAAAT) þarf nauðsynlega að vera tvöföld fyrir góðan vöxt í æðflækjufrumum og liðþelsfrumum en skiptir ekki máli fyrir vöxt í hnattkjarna átfrumum.

Einnig var LTR magnað með PCR úr vaxkubbum með náttúrulegum visnusýnum og mæðisýnum og raðgreint. Í ljós kom að tvöföld röð fannst í 4 visnusýnum en einföld röð í 8 mæðisýnum sem voru raðgreind. Það virðist því sem tvöföldun í LTR fylgi taugasækni veirunnar. Grein um verkefnið birtist í Journal of Virology í apríl 2007.

Í þessu framhaldsverkefni, sem er meistaraverkefni Eydísar Guðmundsdóttur, er ætlunin að reyna að komast að því hvar í fjölgunarferli MVV veira, sem ekki hafa tvöföldun í LTR, hindrun er í æðflækjufrumum. Fjölgunarferli veiranna er þannig, að fyrst verður samruni veiru við frumuhimnu og hylki veirunnar er sent inn í frumuna. Víxlriti myndar DNA úr RNA veirunnar, DNA er sent inn í kjarna þar sem það innlimast í litning frumunnar. RNA polymerasi II umritar svo DNA yfir í mRNA sem er sent út úr kjarna eftir ýmsar splæsingar. Á öllum þessum stigum eru frumuþættir nauðsynlegir og eru fæstir þeirra þekktir. Niðurstöður eru þær að veirurnar komast inn í frumu hvort sem CAAAT röðin er einföld eða tvöföld, og víxlritun verður, en hins vegar er RNA myndun hömluð ef CAAAT röðin er bara einföld. Tilgáta okkar er að um sé að ræða stjórn á krómátíni.

Verkefnið er styrkt af Vísindasjóði RANNÍS og Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.

Þróun retroveiruhindrans APOBEC3 í spendýrum

Starfslið: Stefán Ragnar Jónsson, Valgerður Andrésdóttir.
Samstarf: Reuben S. Harris, University of Minnesota, Ólafur S. Andrésson, líffræðiskor Háskóla Íslands.
Upphaf: 2004; Lok: óviss.

APOBEC próteinin eru fjölskylda cytidine deaminasa. Þessi prótein hafa vakið mikla athygli frá því að sýnt var fram á að APOBEC3G veldur stökkbreytingum í erfðaefni HIV-1 og annarra retroveira með því að afaminera cytidine yfir í uridine í einþátta DNA meðan víxlritun á sér stað. HIV-1 á þó mótaleik við þessu, sem er veirupróteinið Vif, en það veldur ubiquitin merkingu APOBEC3G og stuðlar þannig að niðurbroti þess. APOBEC3 prótein er einungis að finna í spendýrum, en þó er mikill munur á fjölda þeirra innan spendýrafánunnar, menn og mannapar hafa 7 slík prótein en mýs og rottur einungis eitt. Ekki er vitað um aðra prótein fjölskyldu þar sem orðið hefur slík margföldun á þeim tíma sem liðinn er frá tilkomu spendýra.

APOBEC3 próteinin eru einnig sérstök að því leyti að þau eru undir einhverju sterkasta jákvæða vali (positive selection) sem þekkist. Þetta val virðist hafa átt sér stað lengur en sambúðin við lentiveirur og Vif. Sú tilgáta hefur verið sett fram, að eitt af upphaflegum hlutverkum APOBEC3 próteinanna hafi verið að hindra endogen retroveirur í því að valda ójafnvægi í erfðamenginu. Í þessari rannsókn var tilvist og fjöldi APOBEC3 próteina í kindum og öðrum klaufdýrum könnuð.

Raðir úr gagnabönkum voru notaðar til að spá fyrir um basaröð próteinanna byggt á skyldleika próteinanna og varðveislunni. APOBEC3 úr kindu-, svína- og kúafurum voru klónuð og virkni þeirra og sértækni könnuð. Í ljós kom að APOBEC3 úr öllum þessum tegundum hafði cytidíne deaminasavirkni og gat hindrað HIV-1. Einnig kom í ljós að kindur og kýr hafa 3 APOBEC3 gen sem tjá 4 mismunandi prótein, en svín hafa 2 APOBEC3 gen sem tjá 3 prótein. Genin virðast því hafa fjölfaldast áður en klaufdýr og primatar aðskildust.

Þetta er hluti af doktorsverkefni Stefáns R. Jónssonar og var unnið við Minnesotaháskóla undir stjórn Reuben S. Harris. Stefán dvaldi í Minnesota fram á haust 2006. Greinar um efnið hafa birst í *Nucleic Acids Research* 2006, *PloS ONE* 2007 og *BMC Mol Biol.* 2008.

Verkefnið er styrkt af Rannsóknarnámssjóði, Vísindasjóði Rannís og Stúdentaskiptasjóði Minnesotaháskóla.

2. Riða og aðrir prionsjúkdómar

Áhrif arfgerða príongena á riðusmit í íslensku sauðfé

Starfslið: Stefanía Þorgeirsdóttir, Marianne Jensdóttir, Jóna Aðalheiður Aðólfsdóttir og Ástríður Pálsdóttir.
Samstarf: Matvælastofnun.
Upphaf: 1996. Lok: óviss.

Riða í kindum flokkast undir prionsjúkdóma, en þeir geta ýmist verið smitsjúkdómar, stök tilfelli af óþekktum uppruna eða erfðasjúkdómar vegna stökkbreytinga í príongeni einstaklinga. Prionsjúkdómar hjá mönnum geta verið bæði smitandi og arfgengir, en í kindum eru þeir nær eingöngu taldir vera smitandi. Upplýsingar um ný afbrigði riðu sem hafa fundist á undanförunum árum benda til að þar geti verið um að ræða nokkurs konar sjálfsprottinn sjúkdóm, þ.e. án utanaðkomandi smits, svipað og þekkist hjá fólki. Erfðauppbygging kindanna er talin skipta máli fyrir næmi gagnvart sjúkdómnum og hefur það verið nýtt við kynbætur víða erlendis. Fyrri rannsóknir okkar á náttúrulegum breytileika í príongeni íslensks sauðfjár sýna að nokkrar mismunandi arfgerðir eru til staðar og hafa svipuð áhrif hvað varðar riðunæmi og í erlendu fé. Hins vegar fannst ekki sú arfgerð sem hefur sýnt mesta vernd gegn riðu í erlendum sauðfjarkynjum og notuð er til kynbóta. Þetta verkefni felur í sér áframhaldandi vöktun á riðunæmi íslenska fjárstofnsins með tilliti til arfgerða príongensins. Þær kindur sem greinast með riðu eru prófaðar og til samanburðar einkennalausar kindur frá sömu bæjum. Fjöldi þeirra kindu sem hafa verið prófaðar hefur verið mismunandi í gegnum árin, en stefnt er að skipulagðri sýnatöku og prófunum á riðuhjörðum í samstarfi við Matvælastofnun.

Árið 2008 greindist riða á tveimur bæjum, báðum á Norðurlandi, annar í Miðfjarðarhólfi þar sem riða hefur ekki greinst áður, en hinn í Skagafirði en þar hefur riðan verið landlæg um langt skeið. Í báðum tilvikum greindist sjúkdómurinn vegna þess að kindurnar sýndu einhver sjúkdómseinkenni. Í fyrra tilfellinu var kindin veikluleg en einkennin minntu ekki á riðu enda reyndist um Nor98 riðuafbrigðið að ræða. Sú kind bar arfgerðina AH/AH (táknar 136 og 154) sem er einkennandi fyrir þetta riðuafbrigði. Í seinna riðutilfellinu greindust tíu kindur jákvæðar fyrir klassískri riðu en þær höfðu allar haft einkenni sem minntu á riðu. Sjá einnig töflu í kafla um þjónusturannsóknir vegna riðu.

Creutzfeldt-Jakob sjúkdómur: Faraldsfræði, áhættuþættir, greiningarpróf og erfðir.

Starfslið: Guðmundur Georgsson og Steinunn Árnadóttir.
Samstarf: Elías Ólafsson Taugalækningadeild LSH.
Samstarfsverkefni á vegum ESB (concerted action) .
Creutzfeldt-Jakob Disease: Epidemiology, Risk factors, Diagnostic tests and genetics. Stjórnandi Robert Will, Edinborg.
Upphaf: 2001. Lok: 2008.

Unnið var að því að taka saman niðurstöður úr skimun fyrir CJD hérlendis, sem náði yfir 40 ára tímabil, þ.e. frá 1960-2000. Fyrri hluti rannsóknarinnar var aftur-skyggn frá 1960-1980 en síðari hlutinn framskyggn frá 1980-2000. Helstu niðurstöður voru að greind voru 2 tilfelli á hvoru tímabili eða alls 4 tilfelli á þessum 40 árum, sem svarar til árlegrar dánartíðni 0,44 á milljón íbúa. Þetta er um það bil helmingi lægri dánartíðni en finnst víðast hvar í heiminum, sem er víðast hvar um það bil 1,0 á milljón íbúa. Greinin birtist í Archives of Virology 2008.

Endurtekin riða m.t.t. PrP arfgerða og riðusmitefnis

Starfslið: Stefanía Þorgeirsdóttir, Marianne Jensdóttir, Jóna Aðalheiður Aðólfssdóttir og Ástríður Pálsdóttir.
Samstarf: Sigurður Sigurðarson, Matvælastofnun.
Upphaf: 2002. Lok: 2008.

Markmið þessa verkefnis var að rannsaka endurtekin riðutilfelli á Íslandi með tilliti til breytileika í príongeninu og próteinprófíls smitefnisins og bera saman við önnur riðutilfelli. Síðan 1980 hefur riða komið aftur upp eftir mislangt hlé á rúmlega 30 bæjum, oft eftir hreinsun húsa og fjárskipti, en heildarfjöldi riðubæja á sama tíma var um tíu sinnum hærrí. Á undanförunum tíu árum hafa komið upp frá einu upp í tólf riðutilfelli á ári, en ekki hefur tekist að útrýma sjúkdómnum þrátt fyrir niðurskurð og sérstakar hreinsunaraðgerðir á riðubæjum frá árinu 1986. Þeir bæir þar sem riða er að koma upp aftur eftir mislangt hlé eru staðsettir innan tíu varnarsvæða á Norður- og Austurlandi þar sem riða er landlæg. Vonast var til að samanburður á arfgerðum og próteinprófíl þessara endurteknu riðutilfella við önnur tilfelli myndi varpa ljósi á mikilvægi arfgerða í sambandi við endurtekið riðusmit í íslensku sauðfé og einnig hvort munur væri á riðusmitefninu eftir arfgerðum eða milli þessara tveggja hópa.

Amínósýruröð hjá príonpróteinum einstaklinga getur haft áhrif á næmi þeirra fyrir riðusmiti, en við höfum áður sýnt fram á annars vegar áhættuafgerð, VRQ, í íslenska fénu og hins vegar arfgerð með lága áhættu, AHQ. Niðurstöður arfgerðagreiningar benda ekki til að áhættuafgerðin, VRQ, auki frekar líkur á endurtekinni riðu hér á landi heldur en nýjum tilfellum riðu, en 40% endurtekinnna riðutilfella báru áhættuafgerðina miðað við 56% af heildarfjölda rannsakaðra tilfella frá sama tímabili. Hins vegar má leiða að því líkum að ef áhættuafgerðin sé til staðar sé meiri hættu á að sjúkdómurinn komi upp eins og þekkt er með riðutilfelli almennt. Með því að forðast áhættuafgerðina við ræktun búfjár, t.d. við val á hrútum er hægt að auka möguleikann á að rækta upp sauðfjástofn með aukið þol gegn riðusmiti. Þannig væri hægt að minnka líkurnar á að riðuveiki kæmi upp í hjörð sem hefði orðið útsett fyrir smiti. Auk PrP arfgerðar eru líklegir áhættuþættir m.a. magn riðusmitefnis í umhverfi. Riðusmitefnið, þ.e. príonpróteinið á umbreyttu formi, er afar þolið gagnvart niðurbroti og er talið geta varðveist í jarðvegi eða öðru svipuðu umhverfi í tugi ára. Endurtekið riðusmit á bæjum hefur til dæmis verið rakið til þess að gömul útihús sem ekki hafi verið hreinsuð eftir fyrra riðutilfelli hafi verið tekin í notkun á ný.

Þessi rannsókn leiddi ekki í ljós mun á próteinprófíl riðusmitefnisins milli þessara tveggja hópa riðutilfella, þ.e. öll eldri riðutilfelli sem rannsökuð voru sýndu hina klassísku mynd, þ.e. þrjú bönd milli 20 og 30 kDa að stærð. Ekkert eldri riðusýnanna sýndi lítið band, 11-12 kDa að stærð, sem einkennir Nor98 riðu, en það fannst reyndar í þeim þremur tilfellum af þeirri gerð riðu sem hafa greinst hér á landi.

Verkefnið var styrkt af Vísindasjóði Rannís.

Leit að einkennalausum smitberum í tveimur riðuhjörðum með áherslu á smit í eitilvef.

Starfslið: Guðmundur Georgsson, Jóna Aðalheiður Aðólfsdóttir, Einar Jörundsson, Ástríður Pálsdóttir og Stefanía Þorgeirsdóttir.
Samstarf: Sigurður Sigurðarson, Rannsóknarstofu yfirdýralæknisembættisins á Keldum
Upphaf 2005. Lok: 2008.

Príon sjúkdómar einkennast af löngum meðgöngutíma. Riðufé getur borið riðusmit og dreift smitinu árum saman áður en klínísk einkenni koma fram. Við höfum kannað tíðni einkennalaus smits í heila. Að þessu sinni könnuðum við tíðni smits í heila og eitilvef í einkennalausum fé í tveimur riðuhjörðum. Í annarri hjörðinni var ein kind með klínísk einkenni en í hinni tvær. Greiningin riða var staðfest með smásjárskoðun og ónæmislitun. Sýni voru tekin úr mænukylfu, hálskirtlum, retropharyngeal og mesenterial eitlum, Peyer's flákum í dausgörn (ilem) og milta og lituð með HE-litun og ónæmislitun fyrir PrP^{Sc}, sem auðkennir smitefnið. Jafnframt var gerð arfgerðagreining á PRPN geni og þær niðurstöður bornar saman við niðurstöður ónæmislitunar. Tíðni smits í einkennalausum fénu reyndist mjög há, 58,3% í annarri hjörðinni og 42,5% í hinni. Smit fannst einvörðungu í eitilvef en aldrei í heila. Yngsta smitaða féð voru 4 mánaða gömul lömb, sem voru jákvæð bæði í Peyer's flákum og eitilvef tengdum meltingarvegi. Niðurstöður okkar renna enn frekari stoðum undir það að smitið verði öðru fremur munnleiðis. Arfgerðagreiningin leiddi í ljós að hjarðirnar voru tiltölulega einsleitar, þ.e. meira en 90% voru af arfgerðinni ARQ/ARQ, sem er miðlungi næm fyrir smiti og virðist teftja fyrir því að

smit berist til heila. Það er ljóst af þessum niðurstöðum að einkennalaust fé getur borið og dreift smiti árum saman áður en riðueinkenni koma fram, sem torveldar að ná því markmiði að útrýma riðu. Ennfremur benda niðurstöður okkar til þess að smitmengun í umhverfi skipti miklu við að viðhalda smiti. Niðurstöðurnar voru teknar saman í grein sem ber titilinn: “High Incidence of Subclinical Infection of Lymphoid Tissues in Scrapie Affected Sheep Flocks.” Greinin birtist í Archives of Virology 2008

Rannsókn á Nor98 riðu á Íslandi

Starfslið: Jóna Aðalheiður Aðólfsdóttir, Marianne Jensdóttir og Stefanía Þorgeirsdóttir.
Samstarf: Sigurður Sigurðarson, Matvælastofnun.
Upphaf: 2005. Lok: óviss.

Notkun nýrra skimunarprófa hafa leitt til greiningar á nokkrum tilfellum af nýju afbrigði af riðu hér á landi, einnig nefnd Nor98 riða, fyrst greind í Noregi árið 1998. Þessi tilfelli eru greind út frá öðru bandamynstri á próteinþrykki en hefðbundin riða sýnir. Helstu einkenni þessara tilfella er önnur dreifing vefjaskemmda og uppsöfnunar smitefnis í heila miðað við hefðbundna riðu. Þessi riðutilfelli greinast oft í eldra fé og oftast er bara um eina jákvæða kind að ræða í hverri hjörð. Auk þess bera þessi tilfelli aðrar PrP arfgerðir en þær sem hafa hingað til verið tengdar áhættu fyrir riðu.

Þrjú tilfelli af Nor98 riðu hafa greinst hér á landi. Fyrsta tilfellið greindist við skimun á sláturfé haustið 2004, en hin tilfelli greindust 2007 og 2008, hvorutveggja í kindum með sjúkdómseinkenni. Fyrstu tvö tilfelli voru á Suðurlandi en þriðja tilfellið var á svæði á Norðurlandi Vestra, Miðfjarðarhólfi, þar sem riða hefur ekki greinst áður. Eftir niðurskurð var skimað fyrir riðusmítefninu í riðuhjörðunum og fannst eitt jákvætt sýni til viðbótar í fyrstu hjörðinni. Það, líkt og hin sýnin, sýndi 11-12 kDa band á próteinþrykki, eitt einkenna Nor98 riðu. Hafa því fundist tvö jákvæð sýni í Nor98 hjörð sem er sjaldgæft í tilfellum sem þessum. Skoðun arfgerða príongensins sýndi að öll Nor98 tilfelli báru histidine í tákna 154, sem er einkennandi fyrir slík riðuaufbrigði. Í þessari rannsókn bárum við saman arfgerðir príongensins í fyrstu tveim Nor98 hjörðunum við nokkrar riðuhjarðir þar sem hefðbundin riða hefur greinst. Sú arfgerð sem fannst í Nor98 tilfellunum, AHQ, hefur verið tengd þoli gagnvart hefðbundinni riðu í íslensku fé, en VRQ er áhættuarfgerð hefðbundinnar riðu. Niðurstöður úr þessu verkefni voru kynntar með veggspjaldi á ráðstefnu um príonsjúkdóma á Spáni í október.

Samstarf um rannsóknir á príonsjúkdómum innan Evrópu

Starfslið: Stefanía Þorgeirsdóttir, Marianne Jensdóttir, Jóna Aðalheiður Aðólfsdóttir, Birkir Þór Bragason og Ástríður Pálsdóttir.
Samstarf: Samstarfsaðilar innan ESB verkefnisins NeuroPrion, prevention, control and management of prion diseases.
Upphaf: 2004; Lok: 2009.

NeuroPrion er svokallað Network of excellence (NoE) Evrópuverkefni (FOOD-CT-2004-506579) 52 stofnana frá 20 Evrópulöndum. Tilgangur verkefnisins er að auka samstarf um rannsóknir á príonsjúkdómum en þátttakendurnir koma frá alls 120 rannsóknarhópum víðs vegar um Evrópu (<http://www.neuroprion.org/en/index.html>). Auk þess að styðja við samstarfshópa um ýmis rannsóknarverkefni, hefur verkefnið staðið fyrir alþjóðlegum ráðstefnum um príonsjúkdóma sem haldnar hafa verið árlega frá árinu 2004. Innan NeuroPrion verkefnisins hefur Tilraunastöðin tekið þátt í vinnuhópi (control and risk group) um eftirlit með riðu (tengiliður; S.Þ.). Hópurinn hefur unnið að söfnun upplýsinga um faraldsfræði riðu og í því skyni tvívegis gert kannanir með hjálp spurningalista sem sendir hafa verið til EU aðildarþjóðanna, auk Íslands, Noregs og Sviss. Í seinni könnuninni sem var gerð haustið 2008 var lögð sérstök áhersla á að afla upplýsinga um óhefðbundna riðu (Nor98) til samanburðar við klassíska riðu.

3. Bakteríusjúkdómar í dýrum og varnir gegn þeim

Faraldsfræði *Campylobacter* sýkinga (Sources and Risk Factors for *Campylobacter* in Poultry and Impact on Human Disease in a Closed System)

- Starfslið: Eggert Gunnarsson, Vala Friðriksdóttir, Guðbjörg Jónsdóttir, Signý Bjarnadóttir og Sigríður Hjartardóttir.
- Samstarf: Dýralæknir alifuglasjúkdóma, Hollustuvernd ríkisins, Sýkladeild Landspítala-háskólasjúkrahúss, Sóttvarnarlæknir, Kelli Hiatt og Norman Stern, Russel Research Center, USA, Ruff Lowman, Canadian Food Inspection Agency, Eva Berndtson, Swe-Chick, Svíþjóð.
- Upphaf: 2001; Lok: Óviss.

Fæðuborið *Campylobacter* smit er með algengustu iðrasýkingum í mönnum í heiminum. Nýlegar rannsóknir benda til þess að rekja megi 50–70% tilfella til kjúklinga. Ómögulegt er að koma í veg fyrir *Campylobacter* mengun við fuglaslátrun sé fuglinn á annað borð smitaður fyrir. Því verður að beita fyrirbyggjandi aðgerðum í eldi til þess að koma í veg fyrir að fuglarnir smitist.

Tilgangur verkefnisins er að kanna hugsanlegan uppruna *Campylobacter* smits í alifuglum. Tekin eru sýni á öllum stigum framleiðslunnar, í umhverfi alifuglahúsa og af drykkjarvatni. Samtímis hefur verið safnað öllum *Campylobacter* stofnum úr mönnum og þeir bornir saman við þá stofna sem finnast. Notaðar hafa verið sameindafræðilegar aðferðir (PCR, *flaA* SVR DNA raðgreining og Pulsed Field Gel Electrophoresis aðferð (PFGE)) til þess að bera saman mismunandi stofna.

Verkefnið er samstarfsverkefni fjölmargra aðila, innlendra sem erlendra. Vegna smæðar landsins, góðs heilbrigðiskerfis og góðrar framleiðslustýringar í kjúklingaframleiðslu hér á landi þykir landið henta vel til faraldsfræðilegrar rannsóknar sem þessarar.

Verkefnið er að mestu kostað af bandaríska landbúnaðarráðuneytinu.

Sýklalyfjaónæmi baktería í búfénaði og hugsanlegur flutningur ónæmis í mannasýkla

Starfslið: Þórunn Þorsteinsdóttir (doktorsnemi), Eggert Gunnarsson, Vala Friðriksdóttir og starfsfólk sýkladeildar.
Samstarf: Karl G. Kristinsson, sýkladeild LSH, Frank Aarestrup, SVS, Kaupmannahöfn.
Upphaf: 2005.

Vaxandi ónæmi sýkla gegn fúkkalyfjum er eitt alvarlegasta vandamál sem heilbrigðisyfirvöld standa frammi fyrir. Talið er að samhengi sé á milli vaxandi ónæmis og notkunar fúkkalyfja í landbúnaði og til lækninga, jafnt manna sem dýra. Verkefni er lagt upp sem doktorsverkefni. Hér á landi eru litlar upplýsingar til um ónæmi sýkla sem einangrast úr dýrum og engar rannsóknir hafa verið gerðar á ónæmi baktería sem einangrast úr matvælum eða umhverfi. Fyrir verkefnið er safnað stofnum bendiörvera (*Escherichia coli* og *Enterococcus* sp.) úr dýrum, matvælum, starfsfólki sláturhúsa og almennum borgurum. Næmi þessara bakteríustofna fyrir sýklalyfjum er svo metið og ónæmir stofnar bornir saman með tilliti til ónæmismynsturs og arfgerðar. Einnig hefur verið rannsakað ónæmi valdra zoonósu stofna úr stofnasafni Tilraunastöðvarinnar. Skoðaðar hafa verið breytingar á tíðni ónæmra stofna á fimm ára tímabili og borið saman við þróunina nágrannlöndum okkar og notkun sýklalyfja hér á landi.

Verkefnið er doktorsverkefni Þórunnar Rafnar Þorsteinsdóttur og styrkt af Rannsóknarsjóði Háskóla Íslands og Rannsóknarnámssjóði Rannís.

4. Fisksjúkdómar, fiskaónæmisfræði o.fl.

Áhrif seltu á vaxtarhraða, fóðurnýtingu og líffræði þorsks.

Starfslið: Bergljót Magnadóttir og Sigríður Steinunn Auðunsdóttir
Samstarf: Tómas Árnason (verkefnisstjóri) og Björn Björnsson, Hafrannsóknastofnun, Björn Þrándur Björnsson, MATÍS og starfsmenn Tilraunaeldisstöðvar Hafró á Stað.

Upphaf: 2008. Lok: 2011

Markmið verkefnisins er að skilgreina áhrif seltu og seltubreytinga á vöxt, fóðurnýtingu, saltbúskap, hormónastjórn og vessabundna ónæmisþætti þorsks á þremur vaxtarstigum. Verkefnisstjóri verkefnisins er Tómas Árnason en í hlut Keldna komu rannsóknir á ónæmisþáttum þorsks á mismunandi stigum tilraunarinnar.

Umfangsmiklar sýnatökur fóru fram á árinum 2008 og er verið að vinna úr efnivið sem safnað var. Heildarprótín og náttúruleg mótefni hafa verið mæld og niðurstöður sýna að breytilegt seltustig hefur lítil áhrif á þessa þætti en hinsvegar hefur aldur þorsks umtalsverð áhrif. Frekari tilraunir, sýnatökur og mælingar verða gerðar 2009 og 2010.

Verkefnið er styrkt af AVS rannsóknasjóði í sjávarútveg.

Eiginleikar peptíðasa í seyti fiskisýkilsins *Moritella viscosa*.

- Starfslið: Bjarnheiður K. Guðmundsdóttir verkefnisstjóri, Bryndís Björnsdóttir doktorsnemi og Valgerður Andrésdóttir.
- Samstarf: NRC Institute for Marine Biosciences, Halifax, Kanada; MATÍS ohf (Prokaria ehf.); Raunvísindastofnun HÍ, Læknagarði; Norwegian School of Veterinary Science, Oslo, Fiskeriforskning, Tromsø og National Veterinary Institute, Oslo og Bergen.
- Upphaf: 2004; Áætluð lok: 2010.

Bakterían *Moritella viscosa* veldur sjúkdómi í laxfiskum og þorski sem kallast vetrarsár og hefur hún valdið miklu fjárhagstjóni í fiskeldi við N-Atlantshaf. Sandhverfa er líka næm fyrir smiti. Bólusetning gegn vetrarsárum hefur ekki gefið nægilega vörn, þar sem sjúkdómurinn kemur ítrekað upp í fiski sem bólusetur hefur verið með markaðssettum bóluefnum. Sýnt hefur verið fram á að seyti *M. viscosa* framkallar sjúkdómseinkenni í fiski og getur verið banvænt. Tekist hefur að greina sýkipátt í seyti bakteríunnar, MvP1, sem er mjög virkur peptíðasi og hefur frumdrepani virkni.

Markmið verkefnisins eru að einangra og skilgreina peptíðasa, MvP1, í seyti *M. viscosa* bakteríustofns, skoða útbreiðslu hans í mismunandi stofnum *M. viscosa*. Ennfremur að kanna hlutverk MvP1 í sýkingarmætti bakteríunnar og að bera saman tilraunabóluefni gegn vetrarsárum byggð á peptíðasa neikvæðu stökkbrigði og villi stofni *M. viscosa*.

Vinna við verkefnið hófst í október 2004. Búið er að einangra MvP1 og byggingargen ensímsins. Stærð MvP1 er 39 kDa og hann tilheyrir hópi thermolysina í fjölskyldu M4 peptidasa. Ýmsum eiginleikum peptíðasans hefur verið lýst og áhrif hans á tjáningu bólgumiðlandi þátta hýsils hafa verið könnuð. Unnið er að samanburði á tjáningu seytipátta hjá ólíkum stofnum bakteríunnar og gerð MvP1 neikvæðs stökkbrigðis. Tvær greinar með niðurstöðum verkefnisins hafa verið birtar. Verkefnið er doktorsverkefni Bryndísar Björnsdóttur og er styrkt af AVS rannsóknasjóði í sjávarútvegi, Rannsóknasjóði Eimskipafélags Íslands og Rannsóknánámsjóði. Verkefnið hefur frestast um eitt ár vegna barneignaleyfis Bryndísar 2006-2007.

Forvarnir í fiskeldi

- Starfslið: Sigríður Guðmundsdóttir, Bjarnheiður K. Guðmundsdóttir, Bergljót Magnadóttir, Berglind Gísladóttir og Ívar Örn Árnason
- Samstarf: Hélène L. Lauzon (verkefnisstjóri) doktorsnemi, Rannveig Björnsdóttir doktorsnemi og samstarfsfólk á Matís í Reykjavík og á Akureyri. Samstarf er við Hafrannsóknastofnun á Stað, Fiskey ehf á Hjalteyri, Náttúrufræðistofnun Íslands Akureyrarsetri, Hólaskóla og Raunvísindadeild H.Í.
- Upphaf: 2004. Lok: Áætluð 2009.

Þetta er umfangsmikið samstarfsverkefni sem miðar að því að auka þekkingu á eðlis-, efna- og líffræðilegum þáttum sem skipta máli í stríðeldi þorsks og lúðu og í framhaldi af því að hanna og prófa forvarnaraðferðir sem gætu bætt afkomu á fyrstu stigum eldisins með því að minnka afföll og bæta vöxt lirfa. Þessar forvarnaraðgerðir

byggjast m.a. á hugmyndum um að stýra örveruflóru í eldinu með s.k. bætibakteríum eða „probiótica”. Við kortlagningu örveruflóru á fyrstu stigum þorskeldis á Stað hefur verið leitað að bakteríum með slíka eiginleika og ýmsum aðferðum beitt við prófun þeirra. Þátttakendur á Keldum hafa m.a. séð um skimun fyrir sjúkdómsvaldandi bakteríum og prófun á viðloðun valdra bakteríustofna við fiskafrumur í rækt. Enn fremur rannsóknir á áhrifum þeirra bakteríustofna, sem voru valdir í lokatilraunir, á ónæmiskerfi lirfa fyrstu vikunnar eftir klak, lífsprótt þeirra í seltuþolsprófi og viðnám gegn sjúkdómum í sýkingatilraunum á seiðum. Ennfremur hafa Keldur framleitt sértæk mótefni fyrir verkefnið. Lokaskýrslu til AVS rannsóknasjóðs í Sjávarútvegi var skilað í september 2007. Verkefnið er doktorsverkefni Hélene L. Lauzon og Rannveigar Björnsdóttur við læknadeild HÍ, umsjónakennari er Bjarnheiður K. Guðmundsdóttir.

Gerð óvirks eiturprótíns AsaP1 úteiturs bakteríunnar *Aeromonas salmonicida*.

Starfslið: Bjarnheiður K. Guðmundsdóttir verkefnisstjóri og Johanna Hentschke diplomanemi
Samstarf: Ólafur H. Friðjónsson og Guðmundur Ó. Hreggviðsson, Matis ohf, Uwe Bornscheuer, Institute for Biochemistry, University of Greifswald,
Upphaf: 2006; Lok: 2008.

Aeromonas salmonicida subsp. *achromogenes* (Asa) sýkir margar mismunandi tegundir fisks. Málmháði peptíðasinn, AsaP1, er mikilvægur sýkipáttur bakteríunnar. Byggingargen AsaP1 hefur verið einangrað og tjáð í *E. coli* og gerður hefur verið stofn bakteríunnar með óvirkt *asaP1* gen, sem hefur veiklaðan sýkingarmátt í fiski. Markmið verkefnisins var að útbúa óvirkt eitur prótín (toxóíð) AsaP1 með punktstökkbreytingum og kanna ónæmisvirkni óvirkra eiturprótína í fiski og spendýri. Amínósýrur sem skipt var út gegndu hlutverki við bindingu hvarfefnis og hvarfvirkni. Alls voru útbúnar fjórar gerðir af óvirku eiturpróteini, sem öll voru óeitruð fyrir lax, en eitt þeirra hafði skerta peptíðasavirkni. Mótefni gegn óvirku eiturpróteini voru mynduð í músum, en mótefnamyndun í fiskum misfórst. Þar er talið að aðstöðuleysi við eldi á bólusettem fiski hafi áhrif. Verkefnið er diploma-verkefni Johanna Hentschke við Háskólann í Greifswald (Umsjónakennarar Uwe Bornscheuer og Bjarnheiður K. Guðmundsdóttir). Johanna lauk prófi í janúar 2008.

Nýrnaveiki í laxfiskum: greining sýkingar og framvinda sjúkdóms

Starfslið: Sigríður Guðmundsdóttir verkefnisstjóri, Ívar Örn Árnason, Harpa Lind Björnsdóttir, Árni Kristmundsson og Sigurður Helgason á Keldum. Sunna Sigurðardóttir á Lífeinda- og sameindalíffræðistofu HÍ.
Samstarf: Vilhjálmur Svansson dýralæknir á Keldum.
Upphaf: 2007.

Meginmarkmið verkefnisins eru að bæta greiningar á sýkingum með nýrnaveikibakteríunni og auka þekkingu á smitleiðum og framvindu sjúkdómsins í

einstaklingum og hjörðum. Búið er að hanna frá grunni s.k. semi-nested PCR (sn-PCR) próf til að greina hluta msa gens úr nýrnaveikibakteríunni, *Renibacterium salmoninarum*. Til samanburðar var nested-PCR (n-PCR) sem OIE bendir á. Markmiðið var að fá nýtt próf, einfaldara og öruggara en nPCR, þ.e. sem hefur færri skref og minni mengunarhættu milli sýna. Annar mikilvægur liður í verkefninu er að rannsaka mismunandi aðferðir við meðhöndlun sýna og reyndist sérstakur pappír sem varðveitir kjarnsýrur vera mjög heppilegur til þessara nota. Þá er lokið þróun á qRT-PCR þar sem RNA er einangrað og cDNA myndað til að nota í prófinu sem einnig gefur hugmynd um fjölda sýkla í sýninu (q=quantitative). Greindir eru bútar úr tveimur genum bakteríunnar og má gera það samtímis. Unnið er að því að endurbæta meðhöndlun sýna fyrir þetta próf. Skimun tveggja sýnasafna, annað úr mjög sýktri en hitt úr lítið sýktri hjörð, með snPCR, nPCR og ELISA er lokið. Sýnin eru úr nýrnum og hrognavökva en tálkn verða prófuð síðar. PCR prófin eru álíka næm greiningartæki og ELISA með fjölstofna mótefnum í nýrnasýnum og munu nýtast til staðfestingar á sýkingum. Einnig voru sýnin prófuð í ELISA með einstofna mótefnum sem greindi marktækt færri sýni en hinar aðferðirnar. Þá voru prófuð sýni úr ólíkum hópum var safnað til verkefnisins árin 2007 og 2008, bæði úr villtum fiski og óldisfiski, einkum laxi og bleikju, en einnig urriða.

Hluti verkefnisins er jafnframt meistaraþrófsverkefni Ívars Arnar Árnasonar. Verkefnið er stutt af AVS sjóðnum.

PKD-sýki í laxfiskum á Íslandi með áherslu á vatnasvið Elliðaáa

Starfslið: Árni Kristmundsson
Samstarf: Þórólfur Antonsson og Friðþjófur Árnason, Veiðimálastofnun.
Upphaf: 2008. Áætluð lok: 2010.

PKD-sýki, eða “proliferative kidney disease”, er sjúkdómur í laxfiskum sem orsakast af smásæju sníkjudýri, *Tetracapsuloides bryosalmonae*. Sjúkdómurinn er mikill skaðvaldur í eldi laxfiska erlendis og veldur þar verulegum afföllum eða allt að 90%. Sjúkdómsfaraldrar af völdum PKD eru tengdir vatnshita en sýkin lætur jafnan ekki á sér kræla nema vatnshiti hafi náð 12-15°C. Nokkuð er síðan menn gerðu sér grein fyrir að sýkillinn væri útbreiddur meðal laxfiska í náttúrunni. Það er þó ekki fyrr en í seinni tíð að menn sáu að PKD getur orsakað veruleg afföll í villtum laxfiskastofnum. Allmörg dæmi eru um slíkt, m.a. í laxi og urriða. Bleikja er lítið rannsökuð m.t.t. þessa sjúkdóms en skv. þeim fáu rannsóknum sem liggja fyrir virðist sem hún sé mjög næm fyrir sýkinni. Mest afföll af völdum PKD verða jafnan á seiðastigi en hafi fiskur náð að komast yfir sjúkdóminn, virðist hann mynda þol gegn sýklinum.

Þar til í október 2008 var sjúkdómurinn óþekktur á Íslandi. Við skoðun á 18 netaveiddum bleikjum úr Elliðavatni reyndust 3 þeirra vera með stórsæ sjúkdóms-einkenni sem líktust PKD-einkennum. Við smásjárskoðun á lituðum vefjasneiðum kom í ljós að um PKD var að ræða. Í framhaldinu voru silungar veiddir í Vífilsstaðavatni, 6 bleikjur og 41 urriði. Engir fiskanna höfðu sjúkdómseinkenni en allar 6 bleikjurnar reyndust smitaðar og 5 af 41 urriðanna.

Undanfarna tvo áratugi hefur bleikju fækkað mikið í sumum vötnum á Íslandi, m.a. í Elliðavatni og Vífilsstaðavatni. Samhliða þessari fækkun hefur meðalvatnshiti í Elliðavatni hækkað um u.þ.b. 2,5°C.

Fáið til þess styrkur, verður ráðist í umfangsmiklar rannsóknir sumarið 2009 á útbreiðslu PKD-sýki í ferskvatnskerfi Íslands og kannað hvort sýkillinn sé áhrifaþáttur í viðgangi laxfiskastofna í vistkerfi íslensks ferskvatns.

Rannsókn á nýrnaveikismiti í laxfiskum á Íslandi á vatnasviði Elliðaána

Starfslið: Árni Kristmundsson, Sigurður Helgason og Sigríður Guðmundsdóttir
 Samstarf: Þórólfur Antonsson, Friðþjófur Árnason og Sigurður Guðjónsson, Veiðimálastofnun.
 Upphaf: 2007. Lok: 2009

Nýrnaveikibakterían, *Renibacterium salmoninarum*, er landlæg í íslensku ferskvatnsvistkerfi. Smit berst um vatn milli fiska, en einnig milli kynslóða inni í hrognum; hefðbundin sótthreinsun á yfirborði hroгна dugar því ekki til að hindra þá smitleið. Um margra ára skeið hefur klakfiskum úr fjölmörgum laxveiðám verið safnað til undaneldis. Hrognunum er klakið í eldisstöð og síðan er sumaröldum seiðum og gönguseiðum sleppt í viðkomandi upprunaá í von um auknar laxagöngur til stangveiða.

Frá árinu 1985 hefur á Rannsóknadeild fisksjúkdóma á Keldum verið skimað kerfisbundið fyrir nýrnaveikibakteríunni í villtum klakfiskum (þ.e.a.s. hrygnur) sem notaðir eru til uppbyggingar laxastofna í veiðiám. Greinist smit, er hrognun undan viðkomandi fiskum eytt. Fram til ársins 2006 hafði smit einungis greinst í 1 klakfiski (árið 1991) úr Elliðaánum. Haustin 2006, 2007 og 2008 reyndist hins vegar 90-100% klaklaxanna nýrnaveikismitaður. Því var öllum hrognum fargað og af þeim sökum hefur engum gönguseiðum verið sleppt síðan vorið 2007.

Markmið verkefnisins er að leita orsaka hinnar skjótu aukningar á tíðni nýrnaveikismits í laxi Elliðaána. Könnuð er tíðni og magn nýrnaveikismits í fiskum eftir aldri þeirra og tegund; enn fremur hvort munur sé á nýrnaveikismiti eftir tíma sumars. Ef smitleiðin eða smitferlið er þekkt, er mun frekar hægt að meðhöndla og geyma klaklax þannig að ekki komi til smits og förgunar hroгна.

Verkefnið er styrkt af Orkuveitu Reykjavíkur.

Rannsókn á sameindalíffræði og lífvirkni AsaP1 úteiturs *Aeromonas salmonicida*

Starfslið Bjarnheiður K. Guðmundsdóttir verkefnisstjóri, Xenia Bogdanovic diplomanemi og Johanna Hentschke doktorsnemi
 Samstarf: Ólafur H. Friðjónsson og Guðmundur Ó Hreggviðsson, Matis ohf, Uwe Bornscheuer og Winfried Hinrichs Institute for Biochemistry, University of Greifswald, Uwe FischerFriedrich-Löffler Institute Insel Riems, Lone Gram, Technical University of Denmark, DTU,
 Upphaf: 2007; Áætluð lok: 2010.

AsaP1 úteitur bakteríunnar *Aeromonas salmonicida* undirteg. *achromogenes* (Asa) er fyrsta bakteríueitrið sem lýst hefur verið í fjölskyldu deuterolysin málmháðra peptíðasa (M35). Þróunarlega er þetta vel varðveitt prótein, sem hefur áhugaverða virkni. Sýnt hefur verið fram á að próteinið hefur mikil áhrif á hýsilviðbragð í sýktum fiski og mótefni gegn því veita fiskinum vörn.

Markmið verkefnisins eru að rannsaka þrívíddarbyggingu AsaP1, framleiða stökkbreyttan Asa stofn sem hefur gen sem tjáir óeitrað AsaP1 prótein (AsaP1 toxoíð) og rannsaka sýkingarmátt stofnsins og hæfni hans til að mynda verndandi mótefnasvar. Ennfremur að kanna hæfni Asa til þéttiskynjunar (quorum sensing), eðli slíkrar skynjunar og það hvort tjáningu AsaP1 sé stjórnað með þéttiskynjun.

Fjórar gerðir AsaP1 toxoíða hafa verið smíðaðar og nú er unnið að gerð stökkbreytts Asa stofns sem hefur toxoíð í stað AsaP1. Kristallar hafa verið gerðir af tveimur toxoíðum. Rannsóknin hefur leitt í ljós að Asa framleiðir aðeins eina gerð af þéttiskynjunar merkjasameind, sem er BHL, og að hindrum á þéttiskynjun hindrar tjáningu á AsaP1. Smíðað hefur verið stökkbrigði Asa stofns sem ekki tjáir BHL, þ.e. hefur ekki þéttiskynjun. Unnið er að skilgreiningu á svipfari stökkbreytta stofnsins og sýkimætti hans í fiski.

Verkefnið er doktorsverkefni Johanna Hentschke við læknadeild HÍ (umsjónakennari Bjarnheiður K. Guðmundsdóttir) og diplomaverkefni Xenia Bogdanovic (umsjónakennari Winfried Hinrichs) við lífefnafræðistofnun háskólans í Greifswald í Þýskalandi.

Verkefnið er styrkt af rannsóknasjóði RANNÍS og Rannsóknasjóði H.Í.

Rannsókn á samspili hýsils og sýkils í sýkingu bleikju (*Salvelinus alpinus*) með bakteríunni *Aeromonas salmonicida* undirteg. *achromogenes*

- Starfslið: Bjarnheiður K. Guðmundsdóttir verkefnisstjóri, Johanna Hentschke doktorsnemi og Þórunn Guðmundsdóttir.
- Samstarf: William Jason, National Research Council of Canada (NRC), Halifax, Laura Brown, University of Guelph, Canada, Matthew L. Rise, Ocean Sciences Centre, Memorial University of Newfoundland, Canada og Atlantic Salmon Project University of Victoria (UVic), Canada
- Upphaf: 2007; Áætluð lok: 2010.

Sá árangur sem nýverið hefur náðst varðandi raðgreiningar á genamengjum bæði sýkla og hýsla skapar ný tækifæri fyrir rannsóknir á samspili sýkils og hýsils. Bakterían *Aeromonas salmonicida* er meðal þeirra baktería, sem mestum skaða hafa valdið fiskeldi og sýkir fjölmargar tegundir fiska. Bleikja er aðaleldistegundin í íslensku fiskeldi og mjög lítið er vitað um hýsilsvor hennar í sýkingu.

Markmið verkefnisins er að afla nýrrar þekkingar varðandi samspil sýkils og hýsils og nota *A. salmonicida* subsp. *achromogenes* og bleikju sem módel.

Sýnum úr lifur og nýra var safnað úr bleikju sem var baðsmituð með Asa eða AsaP1-Asa stökkbrigði, eða ósmituðum viðmiðunarfiski. Gerðar hafa verið 42 örflögur (21 úr hvoru líffæri) þar sem gen úr sýnum voru þáttapöuð við 16 þús. gen tengdum hýsilviðbragði laxfiska. Úrvinnslu niðurstaðna á nýrnasýnum er lokið og staðfesting á völdum niðurstöðum með RT-PCT er á lokastigi. Unnið er að undirbúningi á samskonar rannsókn á lifrarsýnum.

Verkefnið er styrkt af rannsóknasjóði RANNÍS og Rannsóknasjóði H.Í.

Rannsókn á sekretíni bakteríunnar *Aeromonas salmonicida* subsp. *achromogenes*

- Starfslið: Bjarnheiður K. Guðmundsdóttir verkefnisstjóri, Auður Aðalbjarnardóttir MS nemi og Valgerður Andrésdóttir.
- Samstarf: Tone Tønjum og Stephan A. Frye, Centre for Molecular Biology and Neuroscience, Institute of Microbiology University of Oslo, Rikshospitalet Oslo; Eggert Gunnarsson og Sonja Vilhjálmisdóttir, Keldum
- Upphaf: 2005; Lok: 2008.

Aeromonas salmonicida er misleitur hópur baktería sem veldur kylaveiki eða skyldum sjúkdómum í fiski. Sýkiþættir eru mismunandi á milli undirtegunda *A. salmonicida*. Bólusetningar við sumum hópum *A. salmonicida* hafa borið árangur í sumum tegundum fiska en þessi bóluefni hafa ekki varið gegn sýkingum annarra hópa *A. salmonicida*. Seytiferill af gerð II (TISS) tengist sýkingarmætti mismunandi baktería og sýkiþáttum er seytt um þennan feril. TISS er samsettur af tylft próteina sem mynda flókna byggingu, en eina ytri himnu próteinið er sekretín sem er kallað ExeD hjá *Aeromonas* tegundum. Sekretín eru í tveimur öðrum seytiferlum og eru varðveitt prótein.

Í þessari rannsókn var *exeD* genið úr *A. salmonicida* subsp. *achromogenes* (Asa) einangrað, raðgreint, klónað og ummyndað í *E. coli*. ExeD próteinið var tjáð frá *E. coli* og próteinið var einangrað. Mótefni gegn röð af 14 amínósýrum úr ExeD var framleitt og ExeD úr Asa einangrað. Bakteríudrápsvirkni og hjúpunarhrif mótefnanna voru könnuð. Varðveisla ExeD var metin með því að raðgreina að auki *exeD* úr 8 öðrum *Aeromonas* stofnum og *Haemophilus piscium* og bera þær raðgreiningar saman við *exeD* raðir úr tveimur birtum *Aeromonas* genamengjum.

Niðurstöður leiddu í ljós að sekretínið ExeD er mjög vel varðveitt meðal ættkvílsarinnar *Aeromonas*. Það kom einnig í ljós að mótefni gegn litlum hluta sekretínsins hefur sérhæfð hjúpunar og bakteríudrápsáhrif á Asa og *Yersenia ruckeri*. Þessar niðurstöður benda til þess að ExeD gæti verið hagstæður þáttur í breiðvirkum fiskabóluefnum.

Þessi rannsókn leiddi líka í ljós að *H. piscium* hefur TISS sekretín sem er eins og ExeD í stofnum *A. salmonicida*. Þáttum úr TISS hefur ekki áður verið lýst í öðrum tegundum ættkvílsarinnar *Haemophilus*. Niðurstöðurnar benda þess vegna til þess þörf sé fyrir endurflokkun bakteríunnar *H. piscium* sem *A. salmonicida*.

Verkefnið er MS verkefni Auðar Aðalbjarnardóttur. Verkefnið var styrkt af rannsóknasjóði og rannsóknanámsjóði RANNÍS og Rannsóknasjóði H.Í. Verkefnið var frestast um eitt ár vegna barneignaleyfis Auðar 2006-2007. Auður lauk MS prófi í júní 2008.

Rannsóknir á bráðasvari í þorski

- Starfslið: Bergljót Magnadóttir, Berglind Gísladóttir, Sigríður Steinunn Auðunsdóttir, Rosanna Najem-Lendom, Birkir Þór Bragason og Sigríður Guðmundsdóttir.
- Samstarf: Eggert Gunnarsson, Sonja Vilhjálmisdóttir o.fl. á Tilraunastöð H.Í. að Keldum, Zophonías Jónsson, Líffræðiskor Háskóla Íslands, Matthías

Oddgeirsson, Njáll Jónsson og Agnar Steinarsson Tilraunaeldisstöð
Hafrannsóknastofnunar, Stað v. Grindavík.

Upphaf: 2005. Lok: 2011

Við áreiti, áverka eða sýkingu verða styrkbreytingar á ýmsum prótínum í blóðvökva og á genatjáningu þeirra í lifur. Þetta eru svokölluð bráðaprótín (acute phase proteins) en þau taka þátt í að koma aftur á jafnvægi ónæmiskerfisins og ráða niðurlögum sýkla. Ýmis prótín hafa verið skilgreind sem bráðaprótín t.d. pentraxins (CRP og SAP) og tvær gerðir af CRP voru greindar í þorski, CRP-PI og CRP-PII.

Haldið var áfram frekari rannsóknum á þessu sviði. Skoðaðar voru þær breytingar sem verða á genatjáningu í bráðasvari og fyrstu stigum sýkingar með magnbundinni rauntíma-PCR prófum á lifrarsýnum og fleiri líffærum og fleiri þættir greindir í sermi t.d. náttúruleg mótefni og cortisol. Einnig var bindivirkni PI og PII við ýmis prótín og bakteríuyfirborð könnuð.

Verkefnið var hluti af M.S. verkefnum Berglindar Gísladóttur og er hluti af M.S: verkefni Sigríðar Steinunnar Auðunsdóttur. Verkefnið var styrkt af Rannsóknasjóði Háskóla Íslands, Rannsóknasjóði Rannís og Nýsköpunarsjóði námsmanna.

Rannsóknir á náttúrulegum mótefnum þorsks

Starfslið: Bergljót Magnadóttir
Samstarf: Sigríður Guðmundsdóttir
Upphaf: 2004. Lok: 2008

Náttúruleg mótefni eru til staðar í sermi hryggdýra án utanaðkomandi ónæmisörvunar. Einkennandi er virkni m.a. gegn hapteneruðum prótínum (t.d. TNP-BSA), DNA og thyrolobulin. Náttúruleg mótefni taka þátt í fyrstu varnarviðbrögðum og stjórnun stöðugleika ónæmiskerfisins (homeostasis). Mótefnamagn í sermi þorska er hátt, hann myndar veikt sérvirkt mótefnasvar en sýnir háa virkni náttúrulegra mótefna.

Frekari mælingar á náttúrulegum mótefnum voru gerðar á sermi úr ýmsum hópum af þorski og áherlsa lögð á greiningu á sértækni og bindisækni mótefnanna. Niðurstöður sýna að náttúruleg mótefni þorsks virðast einkum vera gegn mótefnavökum úr fæðu þorsks en gætu við ákveðnar aðstæður gengt hlutverki sérvirkra mótefna eða efnamynsturnema (pattern recognition protein) og að þegar sérvirk mótefni myndast sé það á kostnað náttúrulegra mótefna. Grein var tekin saman um efnið til birtingar í fagtímariti. Verkefnið var styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna.

Samanburðarannsóknir á *Loma morhua* í þorski við Ísland og Kanada

Starfslið: Matthías Eydal, Sigurður Helgason, Árni Kristmundsson
Samstarf: Aaron P. Frenette, Dr. Michael Burt, Dr. Mike Duffy háskólanum í New Brunswick, Kanada
Upphaf: 2008 Lok: Óviss

Innanfrumu sníkjusveppur (Microsporidia) af ættkvíslinni *Loma* er einn þeirra sjúkdómsvalda sem finnast í þorski hér við land. *Loma* hefur valdið umtalsverðum afföllum í þorskeldi hér á landi. Sýkingar eru jafnan mest áberandi í milta og tálknum. *Loma* í Atlantshafsþorski hefur ýmist verið kallaður *Loma morhua* eða *Loma branchialis*. Nú hallast menn að því að um eina tegund sé að ræða í þorski, *Loma morhua*.

Hafnar eru rannsóknir og samanburður á erfðaeefni *Loma morhua* úr þorski við austurströnd Kanada og þorski við Ísland. Rannsóknir á erfðaeefni fara fram í Kanada. *Loma* sýkingar í íslenskum eldisþorski hafa sama útlit (áberandi hvítir deplar í sýktum líffærum) og þær sem sjást í *Loma morhua* sýktum eldisþorski á Atlantshafsströnd Kanada. *Loma morhua* sértæk PCR greining var notuð til að staðfesta að um væri að ræða innanfrumusýkingar af völdum Microsporidia sníkjusvepps í miltisvef úr íslenskum þorski. Vísarnir sem notaðir voru magna upp rDNA úr *Loma morhua*. PCR próf á *Loma morhua* sem hefur verið einangrað úr sýnum frá Kanada var framkvæmt samhliða PCR prófinu á sýnum frá Íslandi. rDNA röðin sem mögnuð var upp úr sýnunum frá Kanada og Íslandi var vel varðveitt. Niðurstöðurnar staðfesta að sama tegundin, þ.e. *Loma morhua*, sýkir Atlantshafs þorsk við Ísland og Kanada. Klónun og raðgreining rDNA raða úr fleiri íslenskum *Loma morhua* sýnum er nauðsynleg til að tryggja að ekki sé til staðar basabreytileiki í þeim sem gæti haft áhrif á notagildi *Loma* sértækra vísa sem alla jafna eru notaðir til greininga.

Sanmanburður á næmi bleikju systkinahópa fyrir kýlaveikibróður.

Starfslið: Bjarnheiður K. Guðmundsdóttir, Auður Aðalbjarnardóttir og Bryndís Björnsdóttir
Samstarf: Einar Svavarsson, Hólaskóla Hólum i Hjaltadal
Upphaf: 2007. Lok: 2008

Náttúrulegt hreysti er ákjósanlegasta sjúkdómsvörn fyrir alla eldisfiska jafnt og aðrar lífverur. Hin ört vaxandi þekking á erfðaeiginleikum fiska og sýkla þeirra og samspili hýsils og sýkils í sýkingarferlinu hefur leitt til þess að rannsóknir á arfgengi sjúkdómsþols hafa fengið aukið vægi. Miklar vonir eru bundnar við þróun bleikjueldis á Íslandi og unnið hefur verið að kynbótum bleikju um árabil. Kýlaveikibróðir er sá smitsjúkdómur sem mestum skaða veldur í íslensku bleikjueldi. Markmið verkefnisins var að kanna hvort marktækur munur er á milli bleikju systkinahópa í næmi fyrir kýlaveikibróður. Í rannsókninni var kannað næmi sjö mismunandi bleikjufjölskylda fyrir smiti með kýlaveikibróðurbakteríu. Niðurstöður sýndu að þrjár fjölskyldur höfðu marktækt meira þol gegn sjúkdómnum en aðrar fjórar fjölskyldur, sem prófaðar voru. Niðurstöðurnar gefa til kynna að vænlegt sé að velja fyrir næmi gegn kýlaveikibróður í bleikjukynbótunum. Verkefninu lauk í apríl 2008.

Verkefnið var styrkt af AVS rannsóknasjóði í Sjávarútvegi.

Sjúkdómar í hörpuðiski, *Chlamys islandica*, við Ísland og skyldum skeljategundum við Færeyjar og Skotland

Starfslið: Árni Kristmundsson, Sigurður Helgason, Matthías Eydal og Slavko H. Bambir
Samstarf: Hrafnkell Eiríksson, Hafrannsóknarstofnuninni.
Mark Freeman, University of Malaya, Kuala Lumpur, Malaysia
Upphaf: 2002. Lok: Óviss

Mikil afföll hafa orðið á íslenska hörpuskeljastofninum við Ísland síðustu ár og er stofnvístalan nú, árið 2008, aðeins um 13% af meðaltali árána 1996-2000. Afföllin eru bundin við eldri skeljar (veiðistofn). Við Færeyjar hafa einnig orðið óeðlileg afföll á skyldri tegund (Queen scallop- *Chlamys opercularis*). Markmið þessa verkefnis er að rannsaka hvort sjúkdómar geti átt beinan eða óbeinan þátt í afföllum skeljastofnanna.

Hörpuskel við Ísland

Um nokkurra ára skeið hafa sýni fengist reglulega frá nokkrum lykilsvæðum í Breiðafirði auk sýna frá Arnarfirði, Hvalfirði og Húnaflóa til staðfestingar á smiti. Alls hafa verið rannsökuð um 4500 sýni úr u.þ.b. 2000 skeljum. Tvær tegundir innanfrumu sníkjudýra (hnísildýr-Apicomplexa) hafa greinst og eru þær báðar áður óþekktar:

1) *Margolisiella* tegund sýkir hjartaþelsfrumur. Sýkingartíðni er nær 100% í öllum stærðarhópum skelja og á öllum sýnatökusvæðum við Ísland. Engar afgerandi vefjaskemmdir hafa greinst samfara þessum sýkingum og er ólíklegt að tegundin tengist afföllunum í skeljastofninum.

2) Óþekkt hnísildýr ("hnísildýr X") sýkir og drepur blóðfrumur (haemocytes). Ákveðið lífsform sníkjudýrsins drepur vöðvafrumur, trúlega með seyti prótein-eyðandi ensíma. Sýkingartíðni er nær 100% í stærri skeljum á öllum sýnatökusvæðum, en talsvert lægri í minnstu skeljunum (<3sm). Marktækt neikvætt samband er á milli sýkingarmagns og ástands skelja. Smitmagn og stórsæ sjúkdómseinkenni (allt að 60-80%) hafa almennt verið algengari að vori, þegar sjávarhiti er hvað lægstur. Það bendir til þess að kynþroski fremur en hækkandi sjávarhiti hafi bein áhrif á sýkingar. Vefjaskemmdir í vöðvum samfara sýkingunum eru oft umfangsmiklar. Hnísildýr X virðist hafa afgerandi áhrif á þyngd og gæði vöðva og kynkirtla skeljanna. Sýkingarnar gætu því haft áhrif á hrygningu stærri skeljanna, sem jafnan framleiða lífvænlegustu hrognin. Líklegt er að sýkingar þessa sníkjudýrs séu ein aðalorsök stofnhruns hörpuskeljastofnsins.

Samkvæmt rannsóknum síðustu tveggja ára virðist sem sýkingar í skeljastofninum í Breiðafirði séu í rénun. Samhliða minnkandi sýkingu hefur ástand skeljanna batnað; stórsæ sjúkdómseinkenni eru sjaldgæf og þyngd vöðva og kynkirtla hefur aukist mikið.

Skyldar skeljategundir frá Færeyjum og Skotlandi

Rannsakaðar hafa verið "Queen scallop" (*Chlamys opercularis*) frá Færeyjum og Skotlandi svo og "King scallop" (*Pecten maximus*) við V-Skotland og hefur hnísildýr X verið staðfest í þeim skeljum. Sníkjudýrið veldur svipuðum sjúkdómseinkennum í skeljum við Færeyjar en óvíst er um áhrif þess á skeljar við Skotland sökum lítils úrtaks.

Rafeindasmásjárskoðun og PCR greining

Haustið 2007 voru sýni úr skeljum frá Íslandi og Færeyjum rannsakaðar í rafeindasmásjá og fór sú vinna fram við Háskólann í Stirling í Skotlandi (Institute for

Aquatic Pathobiology). Tilgangur rannsókna var að skoða fíngerð ákveðinna lífsforma sníkjudýrsins til þess að komast nær ættkvísla- og tegundaákvörðun, að auki gaf það kost á skimun fyrir hugsanlegum veiruögnum í vefjunum. Auk þessa er unnið að því að raðgreina erfðæfni sníkjudýrsins með það að markmiði að staðsetja sníkjudýrið innan flokkunarfræðinnar. Þessi vinna er unnin af Mark Freeman sem nú starfar við Háskólann í Malaya í Kuala Lumpur í Malasíu.

Verkefnið er styrkt af Sjávarútvegsráðuneytinu

Sjúkdómar í íslensku þorskeldi

Starfslið: Sigurður Helgason, Árni Kristmundsson, Matthías Eydal, Slavko H. Bambir og Margrét Jónsdóttir.
Samstarf: Háafell ehf, Hraðfrystihúsið Gunnvör hf, Ísafirði, Hafrannsóknastofnunin, Ísafjarðarútibú.
Upphaf: 2002. Verkefninu lauk á árinu 2008.

Vísað er í texta um verkefnið í síðustu ársskýrslum. Úrvinnslu gagna er lokið og lokaskýrsla um verkefnið hefur verið birt á vefnum (www.av.s.is/media/avs/Syrsla_R_016-04.pdf). Unnið er að greinaskrifum.

Verkefnið var styrkt af AVS-sjóði Sjávarútvegsráðuneytisins.

5. Sníkjudýrarannsóknir

Lífsferlar og vistfræði fuglaagða

Starfslið: Karl Skírnisson.
Samstarf: Prof. Kirill Galaktionov, Dýrafræðistofnun Rússnesku Vísindaakademíunnar, St. Pétursborg í Rússlandi.
Upphaf: 1998. Lok: Óviss.

Ofanritaðir hafa um árabíl stundað margháttaðar rannsóknir á fuglasníkjúðrum sem lifa sem lirlfur í ýmsum sniglategundum í ísöltum tjörnum, í fjöru eða á grunnsævi við landið. Einnig hafa verið gerðar athuganir á lífsferlum þar sem fuglar hafa verið smitaðir með lirlfum sem ekki var vitað hvernig litu út sem fullorðnar ögður. Á árinu var stranddoppum safnað á Melabökkum og í Þorskafirði, sníkjudýrafána þeirra rannsökuð og sýkingatilraunir gerðar á Keldum þar sem lirlfur sem tilheyra ættinni Notocotylidae voru aldar upp á fullorðinsstig í aliöndum. Haldið var áfram við rannsóknir á erfðæfni sem safnað hefur verið úr nýrnaögðum úr silfurmafum og æðarfugli annars vegar og lirlfum úr klettadoppum og nákuðungi hinsvegar en verið er að kanna útlit og flókna lífsferla þessara lífvera sem tilheyra ögðuættinni Rencolidea.

Verkefnið hefur notið styrks úr Rannsóknasjóði Háskólans og frá INTAS.

Rannsókn á sníkjudýrum urriða (*Salmo trutta*) og bleikju (*Salvelinus alpinus*) í Elliðavatni og Hafravatni

Starfslið: Sigurður H. Richter og Árni Kristmundsson.
Upphaf: 2002. Lok: 2008.

Leitað var að sníkjudýrum á og í urriða og bleikju í Elliðavatni og Hafravatni, þau greind til tegundar eða ættkvíslar og fjöldi þeirra talinn eða metinn. Munur á tegundasamsetningu og tíðni sníkjudýra milli hýsiltegunda, vatna og árstíma var skoðaður.

Að minnsta kosti 22 tegundir sníkjudýra fundust, þar af sex tegundir sem ekki höfðu fundist áður hér á landi (sjá Ársskýrslu Keldna 2007). Meirihluti sníkjudýrategundanna fannst í báðum vötnunum og margar í báðum hýsiltegundunum. Magn sumra tegundanna var þó talsvert breytilegt eftir vötnum og/eða hýsiltegundum. Niðurstöðurnar voru bornar saman við fyrri rannsóknir hér á landi og rannsóknir í nágrannalöndunum.

Lokið var skrifum greinar sem hefur verið samþykkt til birtingar í Icelandic Agricultural Sciences.

Rannsóknir á blóðögðum í fuglum, lirfum þeirra í vatnasniglum og sundmannakláða

Starfslið: Karl Skírnisson.
Samstarf: Prof. Libuse Kolařová og Dr. Jitka Rudolfova, Háskólanum í Prag í Tékklandi; Dr. Hubert Ferté og Dr. Damien Jouet, Háskólanum í Reims í Frakklandi og MSc. Þorkell Lindberg Þórarinsson, Náttúrustofu Norðausturlands.
Upphaf: 1997. Lok: Óviss.

Áfram var unnið að rannsóknum sem tengjast sundmannakláða en honum valda sundlirfur fuglablóðagða af ættinni Schistosomatidae. Á árinu voru fluttir tveir fyrirlestrar á þingi sníkjudýrafræðinga í París (sjá ritaskrá). Að ósk ritstjóra Journal of Helminthology var tekið til við ritun tiltekinna tímaritsgreina um blóðögðusýkingar í fuglum, þeirra á meðal yfirlitsgreinar um núverandi stöðu þekkingarinnar hér á landi. Að minnsta kosti átta tegundir blóðagða sem tilheyra fjórum ættkvíslum eru þekktar hér á landi og er það meira en helmingur tegundanna sem fundist hafa hingað til í Evrópu (sjá ritaskrá).

Framtíðarrannsóknum verður beint að blóðögðum sem hér hafa fundist í grágæs og toppönd en flestar þeirra eru óþekktar í vísindaheiminum. Raðgreiningar og athuganir á útliti agðanna eru einkum unnar af erlendu samverkaaðiljunum.

Verkefnið hefur um árabíl hlotið styrki úr Rannsóknarsjóði H.Í.

Rannsóknir á hvítabjörnum

Starfslið: Karl Skírnisson og Ólöf Guðrún Sigurðardóttir
Upphaf: 2008. Lok: Óviss.

Í júní tóku tveir hvítabirnir land á Skaga. Samkvæmt lögum voru dýrin afhent Náttúrufræðistofnun Íslands til athugunar og ráðstöfunar en stofnunin fól KS að hafa umsjón með krufningum og vísindalegum rannsóknum á dýrunum. Tekinn var fjöldi sýna við krufningu. Rannsóknum á flestum þeirra er þegar lokið, sýnum sem tekin voru í vefjaskurð, til sníkjudýrarannsókna og til aldursgreininga.

Dr. C. Sonne, hvítabjarnarsérfræðingur við Árósaháskóla óskaði eftir því að fá send margvísleg sýni til athugana á umhverfismengun en einnig lifur og nýrnahettu til rannsókna á lífefnafræðilegum ferlum (biomarker enzyme/receptor virkni). Auk þess voru tekin sýni fyrir próf. W. Vetter, eiturefnafræðing við Háskólann í Hohenheim í Þýskalandi.

Skýrslur um krufningarnar voru sendar Náttúrufræðistofnun Íslands og Umhverfissráðuneytinu. Þá var hafist handa við að rita grein sem ætlað er að birtast í Náttúrufræðingnum. Fjallar hún um líffræði hvítabjarna og líklega lífssögu Skagadýrana út frá mynstri áhringja sem myndast utan á rætur tann. Skagabirnan var talin hafa verið komin 15. ár og hafa fjórum sinnum átt afkvæmi sem alltaf voru alin upp nema í fyrsta skiptið þegar húnarnir eru taldir hafa drepist. Björninn var aftur á móti með allra elstu dýrum sem rannsökuð hafa verið úr stofninum sem heldur til við Austur-Grænland, kominn á 23. ár. Hann var smitaður af tríkínnum (*Trichinella nativa*).

Rjúpnasníkjudýr

Starfslið: Karl Skírnisson og Sólrún Þóra Þórarinsdóttir.
Samstarf: Dr. Ólafur Karl Nielsen og Dr. Guðmundur A. Guðmundsson, Náttúrufræðistofnun Íslands, Dr. vet. med. Ólöf G. Sigurðardóttir, Tilraunastöðinni á Keldum, Prof. Gunnar Stefánsson, Tölfræðimiðstöð HÍ, Dr. S. Mironov og Dr. A. Galkin, Dýrafræðistofnun Rússnesku vísindaakadémiunnar, St. Pétursborg í Rússlandi og Dr. G. Valkiunias við Vísindaakadémiuna í Litháen.
Upphaf: 2006. Lok: Óviss

Í byrjun október undanfarin þrjú haust (2006-2008) hafa árlega verið veiddar í rannsóknaskyni 100 rjúpur (60 ungir og 40 gamlir fuglar, jöfn kynjahlutföll) í Þingeyjarsýslu. Rannsóknir á sníkjudýrum eru gerðar á Keldum. Efniviðurinn sem safnað var haustið 2006 sem og saursýni frá öllum mánuðum eins árs, alls 315 sýni, mynduðu efniviðinn fyrir MS ritgerð SPP sem ætlunin er að verja við læknadeild Háskóla Íslands í júní 2009.

Þegar hafa fundist í þessum efniviði 16 tegundir sníkjudýra, þar af eru nokkrar áður óþekktar tegundir sníkjudýra. Þeirra á meðal eru tvær tegundir iðrahnísla og þrjár tegundir mítla sem lifa annað hvort í fiðri eða á og í húð rjúpunnar. Fleiri áður óþekkt rjúpusníkjudyfyr (naglús og mítill sem lifir innan í fjöðurstaf) hafa fundist í efnivið sem safnað var árin 2007 og 2008.

Mítlarannsóknirnar eru unnar í samvinnu við SM í Pétursborg og hefur hann forgöngu um að lýsa tegundunum. Þá er verið að kanna flokkunarfræðilega stöðu

bandorms sem aldrei hefur áður verið staðfestur í rjúpum í samvinnu við AG. Engin blóðsníkjudýr hafa enn sem komið er fundist í rjúpu hér á landi (samvinna við GV).

Verkefnið hefur notið styrks úr Rannsóknarsjóði H.Í.

Sníkjudýr æðarfugla

Starfslið: Karl Skírnisson.
Samstarf: Dr. Kirill Galaktionov, Dr. Alexander Galkin og Dr. Kira Regel
Dýrafræðistofnun Rússnesku vísindaakademíunnar, St. Pétursborg
í Rússlandi
Upphaf: 1992. Lok: Óviss.

Um árabíl hefur verið unnið á Keldum að rannsóknum á sníkjudýrum æðarfugls (*Somateria mollissima*). Tugir tegunda hafa fundist. Enn er verið að lýsa eða endurlýsa nýjum tegundum sem varpa ljósi á flokkunarfræðilega stöðu sníkjudýranna. Þessar rannsóknir eru að stærstum hluta unnar í samvinnu við erlenda sérfræðinga. Undanfarið hafa þessar athuganir mest beinst að bandormum, meðal annars tegundinni *Microsomacanthus diorchis* sem upphaflega var lýst úr æðarfugli á Eyjafirði árið 1913. Endurlýsing tegundarinnar birtist á árinu í ritinu *Systematic Parasitology*. Þá var ákveðið að ráðast í ritun yfirlitsgreinar um *Microsomacanthus* tegundir í æðarfugli á Palaearctiska svæðinu (í samvinnu við AG og KR) og er sú vinna hafin. Jafnframt var hafist handa við að rita grein um tengsl fæðuvals og sníkjudýrasýkinga hjá æðarfuglum sem veiddir voru að fengnu leyfi Umhverfisráðuneytisins á Skerjafirði árið 1993 en á síðustu árum hefur tekist að varpa skýrara ljósi á flokkunarfræði margra tegundanna sem þá fundust.

Tengsl sníkjudýra og hýsla í vistkerfum norðurhjarans: Athuganir byggðar á afráni sjó- og strandfugla á kræklingi

Starfslið: Karl Skírnisson.
Samstarf: Sérfræðingar við Trinity College í Dublin á Írlandi, norsku Náttúrufræðistofnunina í Tromsø og rannsóknarstofnanir í Pétursborg, Murmansk og Magadan í Rússlandi.
Upphaf: 2006; Lok: 2010.

Umsókn sex stofnana, þeirra á meðal Tilraunastöðvarinnar á Keldum, hlaut árið 2006 styrk til þriggja ára frá INTAS en það er stofnun Evrópusambandsins sem örva á vísindasamstarf í vestur og austur Evrópu. Verkefnið skyldi miða að því að kanna áhrif sníkjudýra á samskipti afræningja og bráðar þar sem módeltegundirnar til skoðunar eru kræklingur og æðarfugl en lifrustig fjölmargra sjúkdómsvaldandi sníkjudýra berast ofan í æðarfugl þegar hann étur smitaðan krækling. Rannsóknirnar eru gerðar á hinum ýmsu stöðum Palearktíska svæðisins, frá Íslandi í vestri til Okhotskhafsins við Norður Kyrrahafið í austri. Í maí hittust aðstandendur verkefnisins í Pétursborg í Rússlandi þar sem farið var yfir stöðu mála og yfirlit gefið um stöðu rannsókna hér á landi (sjá ritaskrá).

Í maí voru kræklingar úr Grafarvogi rannsakaðir þar sem athuganirnar beindust meðal annars að þéttleika ($4.850/m^2$), sambandi stærðar og aldurs (aldur er greindur eftir áhringjum á skeljunum af A. Sukhotin í Pétursborg), kynþroska, eggjafram

leiðslu og hlutfalli kynkirtla og annarra vefja einstaklinganna af heildarþyngd (bæði votvigt og þurrvigt). Sambærilegar athuganir eru gerðar annars staðar á rannsóknarsvæðinu en verið er að safna upplýsingum í mólél sem ætlað er að lýsa samskiptum sníkjudýra, kræklinga og æðarfugla við strendur Evrópu og Asíu.

Útbreiðsla, tíðni og arfgerðir *Giardia duodenalis* í mönnum og dýrum á Íslandi

Starfslið: Sigurður H. Richter
Samstarf: Ingibjörg Hilmarsdóttir á Sýklafræðideild Landspítala-Háskóla-sjúkrahúss; ýmsir dýralæknar og Charlotte Maddox-Hyttel og Heidi L. Enemark á Danmarks Veterinærinstitut.
Upphaf: 2002 Lok: Óviss

Giardia duodenalis (syn. *G. lamblia*, *G. intestinalis*) er frumdýr (protozoa) sem sýkir meltingarveg manna og dýra og berst með saur-munn smiti. Helstu einkenni eru kviðverkir og niðurgangur. Einfrumungurinn er algengur um allan heim og rannsóknir erlendis hafa sýnt að af honum er til fjöldi arfgerða (stofna) sem virðast vera mis- hýsilsérhæfðir og mis-sjúkdómsvaldandi. Lítið hefur verið vitað um tíðni *Giardia* eða útbreiðslu hér á landi, einkum í dýrum.

Hafin er athugun á útbreiðslu og tíðni *Giardia*-sýkinga í mönnum og dýrum á Íslandi, m.a til að reyna að átta sig á faraldsfræði einfrumunganna, hvaða arfgerðir séu í gangi hér á landi og hugsanlega hvort súnur (zoonosis) sé að finna þar á meðal. Saur-sýnum var safnað, með aðstoð dýralækna, úr lömbum, kálfum, folöldum og grísum, allt að 10 sýni úr hverri tegund á hverjum bæ, alls 428 sýni, víðsvegar að af landinu. Hluti hvers sýnis var undirbúinn, með formalin-ethylacetat botnfellingu og síðan notað flúrljómunar- mótefnapróf (Merifluor) við leit að þolhjúpum einfrumunganna. Einnig var hluti hvers sýnis frystur til arfgerðagreininga með DNA-raðgreiningu. Um 100 saursýni úr mönnum og nokkrir tugir saursýna úr innfluttum og innlendum hundum og köttum þar sem *Giardia* hefur fundist, hafa einnig verið frystir til stofnarannsóknna.

Giardia fannst í lömbum á 18 bæjum af 18 rannsókuðum, í kálfum á 5 bæjum af 7, í folöldum á 1 bæ af 13 og grísum á 2 búum af 7. *Giardia* fannst í 59% (107 af 180) rannsakaðra lamba, 16% (9 af 58) kálfa, 2% (2 af 120) folalda og 3% (2 af 70) grísa.

Tíu saursýni úr mönnum, 4 sýni úr lömbum, 2 úr kálfum, 1 úr folaldi, 1 úr grís, 1 úr hvolpi og 1 úr kettlingi með *Giardia*, voru send til Danmarks Veterinærinstitut til arfgerðagreininga á einfrumungnum. Það tókst að magna upp og greina sýnin úr mönnum til arfgerðahópa (1 A og 9 B), en aðeins 2 sýni úr lömbum og 1 sýni úr ketti. Sýnin úr lömbunum voru úr arfgerðahópi (E) sem ekki fer í menn en kattarsýnið tilheyrði arfgerðahópi (A) þar sem einnig má finna arfgerðir sem fara í menn. Það er þó allsendis óvíst að um súnú sé að ræða. Undirbúningur er hafinn að frekari arfgerðagreiningum á *Giardia*. Verður það gert að hluta til eða öllu leyti á Keldum.

Rannsóknin er styrkt af Vísindasjóði Landspítalans, Sóttvarnalæknisembættinu og Yfirdýralæknisembættinu.

Ytri sníkjudýr á nautgripum

Starfslið: Matthías Eydal og Sigurður H. Richter
Samstarf: Kúabændur, Sláturfélag Suðurlands og Robert Wika dýralæknir hjá Matvælastofnun.
Upphaf: 2006 Lok: 2009

Ýmis húðeinkenni eru þekkt á nautgripum hér á landi en ekki er alltaf vitað af hvaða völdum þau eru. Engin skipulögð leit eða rannsókn á nautgripaóværu hefur verið framkvæmd hérlendis. Markmið rannsóknarinnar er að leita að lúsum (naglúsum Mallophaga, soglúsum Anoplura) og mítlum (Acari), á nautgripum hér á landi, finna tegundir, kanna tíðni þeirra eftir búum, innan búa og aldri gripanna, svo og útbreiðslu þeirra á gripunum og tengsl við sjúkdómseinkenni.

Skoðaðar voru 5 mjólkurkýr og 5 kálfar (4-15 mánaða) á hverjum 5 bæja á Suðurlandi og 5 bæja á Vesturlandi, völdum af handahófi, og leitað skipulega að ytri sníkjudýrum á yfirborði. Hver gripur var kembdur vandlega með fíntenntum kambi aðskilið á fimm mismunandi stöðum (haus, hálsi, löpp, baki/lend og hala). Hár og annað sem safnaðist var skoðað í vísjón í leit að sníkjudýrum eða nit. Einnig var ýmsum upplýsingum um gripina og búskaparhætti safnað. Tvær tegundir lúsa fundust; naglúsin *Bovicola bovis* og soglúsin *Solenopotes capillatus*. Lús fundust á 7 (70%) búanna. Á 50% búa fundust naglús og á 40% búanna soglús. Á 20% búanna fundust báðar tegundir. Lús fundust á 40% kálfanna en einungis á tveimur (4%) mjólkurkúnnu. Naglús fundust oftast á baki og lend, en varð vart víða annars staðar á skrokknum. Soglús fundust oftast á haus og á hálsi en varð einnig vart víða annars staðar á skrokknum. Almenn fundust tiltölulega fáar lús á gripunum og ekki sáust greinileg merki um nudd eða breytingar í húð gripa sem voru með lúsasýkingu. Eigendur höfðu ekki orðið varir við kláða í gripunum sem rannsóknin náði til. Tvennt kemur nokkuð á óvart. Hversu lýsnar finnast á mörgum búum og að kláðaeinkenni virðast ekki augljós.

Hafin er söfnun húðsýna af sláturgripum og leit í þeim að húðmítlum. Sýni eru tekin í Sláturhúsinu á Selfossi af 3 kúm og 3 geldneytum á hverjum 5 bæja á Suðurlandi og 5 bæja á Vesturlandi. Húðsýni eru tekin úr eyra, augnlokum, hnakka, nára og halarót, soðin aðskilin í NaOH, botnfallin í skilvindu og leitað að mítlum í botnfallinu.

Æxli í gervitálknum þorsks af völdum sníkjudýrs (x-cell)

Starfslið: Matthías Eydal
Samstarf: Mark Freeman, háskólanum í Stirling, Skotlandi
Upphaf: 2007 Lok: 2008

Rannsóknin beinist að sníkjudýri (x-cell; óþekkt fruma) í íslenskum þorski sem veldur æxlisvexti í gervitálknum (pseudobranchia). Fyrri rannsóknir hafa sýnt að talsvert er um sýkingu af þessu tagi í þorski við Ísland. Svipaðar sýkingar hafa fundist í öðrum fisktegundum í öðrum heimshlutum. Margt er á huldu um þetta sníkjudýr, s.s. hvar það á heima flokkunarfræðilega og hverjar smitleiðir þess eru. Leitt hefur verið að því líkum að sníkjudýrið flokkist meðal frumdyra, Protozoa.

Sýni voru tekin úr náttúrulega sýktum þorskseiðum til rannsókna á erfðafni frumdýrsins og til rannsókna á byggingu þess með rafeindasmásjártækni, með það m.a. að markmiði að ákvarða flokkunarfræðilega stöðu þess.

Ennfremur var rannsakað með sýkingartilraun hvort smit geti borist beint milli fiska. Í því skyni voru ósýkt seiði fengin frá Fiskeldisstöð Hafrannsóknastofnunarinnar. Hluti þeirra fékk "æxlismauk" úr sýktum fiski gefið í munn, aðrir fiskar voru sprautaði í kviðarhol með mauki og samanburðarhópur fékk enga meðhöndlun.

Raðgreining á erfðafni sníkjudýrsins staðfestir að það flokkast sem frumdýr, en hefur ekki samsvörun við neina ákveðna fylkingu innan þeirra. Rafeindasmásjárskoðun sýnir að bygging sníkjudýrsins og skipan frumulíffæra er svipuð og í sambærilegum æxlum í sandkóla við Skotland og flatfisktegund við Japan. Áfram er unnið að samanburðarrannsóknum á erfðafni frumdýrsins.

Í sýkingartilrauninni tókst ekki að fá fram æxlisvöxt. Það getur bent til að smit berist með öðrum hætti milli fiska í náttúrunni, og e.t.v. þurfi millihýsla til.

6. Ýmsar rannsóknir á spendýrum og fuglum

Lífssýnabanki íslenska hestsins.

Starfslið: Vilhjálmur Svansson, Valgerður Andrésdóttir, Eggert Gunnarsson.
Samstarf: Sigríður Björnsdóttir, Matvælastofnun Íslands, Ágúst Sigurðsson, Landbúnaðarháskóla Íslands, Bændasamtök Íslands.
Upphaf: 2000

Skipulegt ræktunarstarf íslenska hestsins hófst hérlendis á fyrrihluta síðustu aldar. Síðan þá hefur almennur áhugi fyrir ræktun íslenska hestsins farið vaxandi bæði hér heima og erlendis. Íslenski hesturinn hefur lifað við erfðafræðilega einangrun í u.þ.b. 1000 ár og fátt er vitað um erfðabreytileika innan stofnsins. Með auknu ræktunarstarfi hefur breytileiki stofnsins eðlilega minnkað og sýnt hefur verið fram á að virk stofnstærð (effective population size) hefur minnkað þrátt fyrir að stofninn hafi verið að stækka. Erfðabreytileiki er forsenda ræktunarstarfs. Þegar ströngu úrvali er beitt er sú hætta fyrir hendi að dragi úr erfðabreytileika og verðmætir eiginleikar glatist. Frá 2000 hefur lífsýnum (erfðafni og blóðvökva) úr stóðhestum og völdum hrossum sem gefa þverskurð af stofninum hverju sinni með tilliti til erfðafjölbreytileika og smitsjúkdómastöðu. Lífsýnabankanum er ætlað að geyma sýni sem nýtast til ýmsra rannsóknarverkefna á íslenska hestinum. Til þessa hafa tvö verkefni fengið sýni úr bankanum til rannsókna, þ.e. "Uppruni íslenska hestsins" sem er doktorsverkefni Gunnfríðar Hreiðarsdóttur við Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri og Nýsköpunarsjóðsverkefnið "Glóbrúnn litur í hrossum og leirljósi erfðavísirinn" sem Freyja Imsland vann undir stjórn Sigríðuar Klöru Böðvardsdóttur, Krabbameinsfélagi Íslands. Einnig hefur sýnum verið safnað úr hjálmskjóttum (splashed white) hrossum og DNA sendt til Landbúnaðarháskólans í Uppsölum (SLU) en þar er verið að rannsaka erfðir þessa sjaldgjæfa litarafbrigðis.

Meinafræði íslensku rjúpunnar

Starfslið: Ólöf G. Sigurðardóttir, Margrét Jónsdóttir, Steinunn Árnadóttir
Samstarf: Ólafur K. Nielsen og Guðmundur A. Guðmundsson, Náttúrufræðistofnun Íslands, Karl Skírnisson og Sólrún Þórarinsdóttir, Tilraunastöð Háskóla Íslands að Keldum, Gunnar Stefánsson, Raunvísindastofnun Íslands, Sighvatur Sævar Árnason og Björg Þorleifsdóttir, Lífeðlisfræðistofnun Háskóla Íslands
Upphaf: 2006 Lok: Óviss

Haustið 2008 voru veiddar 100 rjúpur í Þingeyjarsýslu og þær rannsakaðar. Breytingar voru skráðar og sýni tekin m.a. til vefjarannsókna. Sambærileg söfnun fór fram haustið 2006 og 2007. Nýrnasýni voru tekin úr 100 fuglum þar sem niðurstöður frá 2006 sýndu nýrnabreytingar hjá sumum fuglum. Kanna á útbreiðslu þessara breytinga og hugsanlega áhrif þeirra á heilbrigði rjúpunnar. Meltingarvegur og húðsýni voru tekin úr 6 fuglum í vefjaskoðun, til að kanna sérstaklega áhrif sníkjudýrasýkingar. Þessar meinafræðirannsóknir eru hluti af stóru verkefni þar sem kanna á tengsl heilbrigði við stofnbreytingar íslensku rjúpunnar.

Rannsókn á normalgildum helstu blóðþátta í íslenska hestinum

Starfslið: Ólöf G. Sigurðardóttir, Steinunn Árnadóttir, Margrét Jónsdóttir
Samstarf: Sigríður Björnsdóttir, dýralæknir hrossasjúkdóma og Tómar Jónsson, eftirlitsdýralæknir
Upphaf: 2007 Lok: 2008

Normalgildi fyrir helstu blóðþætti eru ekki til fyrir íslenska hestinn. Ekki er heldur vitað hvort þau séu breytileg eftir aldri, kyni, árstíma, landshlutum eða notkun hrossanna. Markmið verkefnisins var að afla upplýsinga um hvaða gildi séu rétt að hafa til viðmiðunar við rannsóknir á blóðþáttum hjá íslenska hestinum og var í því skyni gerðar mælingar á nokkrum vel skilgreindum hópum hrossa án klínískra sjúkdómseinkenna.

Verkefnið var kostað af Framleiðnisjóði landbúnaðarins og Tilraunastöð Háskóla Íslands að Keldum.

Rannsókn á orsök og faraldsfræði veiruskitu í kúm

Starfslið: Vilhjálmur Svansson, Eggert Gunnarsson
Samstarf: Auður Lilja Arnþórsdóttir, Matvælastofnun Íslands
Upphaf: 2007

Markmið rannsóknarinnar er að kanna tíðni og orsök veiruskitu í kúm á Íslandi. Engar skipulagðar rannsóknir hafa verið gerðar á veiruskitu í nautgripum hér á landi og því ekki vitað nákvæmlega um orsök, tíðni og útbreiðslu hennar. Sjúkdómurinn kemur upp einhvers staðar á landinu á hverju ári. Orsök hans hefur aldrei að fullu verið staðfest en en coronaveirumótefni greindust í 19 % tanksýna sem tekin voru hérlendis 1996. Einkenni veiruskitu svipar til einkenna sjúkdóms sem er vel þekktur erlendis og einnig er talinn vera af völdum coronaveiru og kallast “winter

dysenteri". Veiruskita er mjög smitandi. Þegar hún berst í fjós smitast flestar kýr sem ekki hafa smitast áður og einnig hluti annarra. Fátítt er að kýr drepist vegna sjúkdómsins en afleiðingar hans geta verið alvarlegar og langvarandi þar sem sjúkdómurinn veikir ónæmiskerfi kúnna og gerir þær viðkvæmari fyrir öðrum sjúkdómum, m.a. jógurbólgu. Kýr sem veikjast, falla verulega í nyt og komast sjaldan í fulla nyt aftur á yfirstandandi mjaltaskeiði og sjúkdómurinn hefur einnig neikvæð áhrif á frjósemi þeirra, sem hvort tveggja getur valdið miklu fjárhagslegu tjóni.

Safnað verður blóð- og saursýnum frá bæjum þar sem veiruskita kemur upp auk faraldsfræðilegra upplýsinga. Vonast er til að með rannsókninni verði hægt að byggja traustari grunn að leiðbeiningum um varnir gegn veiruskitu í kúm.

Rannsóknir á gammaherpesveirum í hestum

Starfslið: Vilhjálmur Svansson, Sigurbjörg Þorsteinsdóttir, Guðbjörg Ólafsdóttir og Lilja Þorsteinsdóttir.
Samstarf: Einar G. Torfason, Rannsóknastofu í veirufræði, Landspítala Háskóla-sjúkrahúsi.
Upphaf: 1999. Lok óviss

Í tengslum við rannsóknir á smitandi hitasótt í hrossum 1998 ræktaðist veira í samrækt á hvítfrumum úr blóði og hestafósturnýrnafrumum. Eðli frumubreytinganna benti til að um herpesveiru væri að ræða. Var það staðfest við rafeindasmásjáskoðun og með sértæku DNA-mögnunarprófi sem komið var upp en prófið greinir á milli þeirra tveggja afbrigða af gammaherpesveirum sem nú eru þekktar í hrossum þ.e. Equine herpesvirus 2 (EHV-2) og EHV-5. Ekki var áður vitað að hross hérlendis væru sýkt með gammaherpesveirum. Ómögulegt er að segja til um hvenær þessar sýkingar bárust hingað til lands. Í ljósi þess hvernig herpesveirur viðhaldast í stofnum með dulskýkingum má að ætla að þessar veirur gætu hafa borist með hrossum sem voru flutt inn til Íslands í upphafi byggðar.

Við höfum ræktað veirurnar í hárrí títíni bæði frá sjúkum hrossum og heilbrigðum. Rannsóknir okkar sýna að mikill meirihluti hrossa hérlendis er sýktur með báðum veirunum.

Breytileiki í erfðaefni innlendra stofna af gammaherpesveirum verður skoðaður með skerðiensímagreiningu og raðgreiningu á 4 genum sem þekkt eru fyrir EHV-2/5, þ.e. *gLyB*, *gLyH*, DNA terminasa og DNA-háða DNA-fjölliðunarensímsinskyldleika og borinn saman við gammaherpesveirur úr erlendum hrossum. Ennfremur eru í gangi rannsóknir á ónæmisviðbrögðum við sýkingum með veirunum auk hugsanlegrar notkunar EHV-2 sem vektors til bólusetninga við ofnæmi.

Verkefnið er styrkt af Rannsóknasjóði Rannís.

Smáveirusótt í hundum.

Starfslið: Vilhjálmur Svansson, Guðbjörg Ólafsdóttir, Eggert Gunnarsson, Guðbjörg Jónsdóttir
Upphaf: 2005. Lok óviss

Smáveirusótt í hundum orsakast af canine parvovirus type 2 (CPV-2). Veiran greindist fyrst í hundum 1978 og hérlendis uppúr 1990. CPV-2 er sermisfræðilega

náskyld parvoveirum úr köttum (FPLV) og minkum (MEV). Upprunalega CPV-2 veiran sýkti ekki ketti en síðan 1978 hafa breytingar orðið á veirunni og í dag finnst upprunalega afbrigði veirunnar ekki í hundum en við eru tekin afbrigðin CPV-2a, b og c. Þessi nýju afbrigði af veirunni geta smitast milli hunda og katta. Allir núverandi bóluefnisstofnar byggja á upprunalegu veirunni CPV-2. Parvoveirusýkingar eru viðvarandi vandamál í hundum en sjúkdómnum haldið niðri með bólusetningum.

Markmið verkefnisins er að skoða hvaða afbrigði af parvoveirum smita hunda og ketti hérlendis. Komið hefur verið upp sértækum DNA-mögnunarprófum sem greina á milli CPV-2, FPLV, MEV, CPV-2a og CPV-2b afbrigðanna af parvoveirum. Skoðuð hafa verið 38 saursýni úr hundum og eitt saursýni úr ketti. Ellefu af 38 sýnum úr hundum reyndust jákvæð og 1 katta sýni. CPV-2a afbrigði veirunnar hefur ekki fundist hérlendis né heldur upprunalega afbrigði hennar CPV-2. Hluti af VP2 geni smáveirusóttarveirunnar var raðgreindur og basabreytingar fundust sem þekktar eru úr b og c afbrigðum veirunnar. Veira sú sem nú sýkir hunda og ketti hérlendis er því líklega af CPV-2b eða 2c gerð. Áframhaldandi rannsóknir miða að því að skilgreina frekar þær gerðir af smáveirusóttarveirum sem eru í hundum og köttum hérlendis og faraldsfræði þeirra.

Sumarexem í hrossum

- Starfslið: Sigurbjörg Þorsteinsdóttir, Vilhjálmur Svansson, Þórunn S. Björnsdóttir, Mareike Heimann, Heidi Sigurðardóttir, Sigríður Jónsdóttir, Ólöf Sigurðardóttir, Matthías Eydal.
- Samstarf: Eliane Marti, Anna Schaffarzik, Eman Hamza, Háskólanum í Bern, Sviss. Reto Cramer, Ofnæmisrannsóknarstofnuninni í Davos, Sviss, Sigríður Björnsdóttir Matvælastofnun, Douglas Wilson Háskólanum í Bristol, Englandi. Einar Mäntylä ORF Líftækni. Hans Brostöm, Landbúnaðarháskólanum Uppsölum, Svíþjóð.
- Upphaf: 2000

Sumarexem er ofnæmi gegn prótínnum sem berast í hross við bit mýflugna af ættkvíslinni *Culicoides* (smámý), en tegundir af þeirri ættkvísl lifa ekki hér á landi. Hross af öllum kynjum geta fengið ofnæmið en það er sérstaklega algengt í íslenskum hrossum sem flutt hafa verið úr landi. Um helmingur útfluttra hrossa sem hafa verið 2 ár eða lengur á flugusvæðum fá sumarexem ef ekkert er gert til að verja þá flugnabiti. Íslensk hross sem fædd eru erlendis virðast ekki í meiri hættu á að fá sumarexem en hross af öðrum kynjum. Sumarexemverkefnið er samvinnuverkefni milli Keldna og Dýrasjúkdómadeildar háskólans í Bern í Sviss og er markmið þess þríþætt 1) Finna og greina prótínin sem valda ofnæminu, 2) Rannsaka ónæmissvarið og feril sjúkdómsins. 3) Þróa ónæmismedferð bólusetningu eða afnæmingu.

1. *Finna og greina ofnæmisprótínin.* Við teljum okkur hafa einangrað gen flestra þeirra ofnæmisvaka sem eru í bitkirtlum flugnanna. Ofnæmisvakarnir eru á mismunandi stigum í prótíntjáningu og prófun. Sjö gen voru einangruð úr yfirborðsfögugenasafni (surface phage display library) úr bitkirtlum *S. vittatum* tjáð í *E. coli* og fjölstofna mótefni framleidd gegn þeim. Afurðir fjögurra genanna bundu IgE úr SE hestum og eitt þeirra svokallað antigen 5 protein (Sim-Ag5) reyndist binda IgE úr meira en 50% SE hesta og er því aðalofnæmisvaki. Annað prótín sem hafði samsvörun við maltasa (Sim-maltasi) batt IgE úr 44% af SE hestum. Sjö gen voru einangruð úr yfirborðsfögugenasafni úr bitkirtlum *C. nubeculosus*. Þau voru tjáð í *E.*

coli hreinsuð og framleidd fjölstofna mótefni gegn þeim. Prótín þessara gena bundu öll IgE úr SE hestum í mismunandi miklu mæli. Tvö gen voru einangruð úr lambda bitkirtlasafni *C. nubeculosus*, hyaluronidasi sem líka kom upp úr yfirborðsfögu-safninu og Ag5 sem hafði náðst úr bitmýinu. Þessi tvö gen hafa verið raðgreind og röð þeirra birt. Í samvinnu við ORF Líftækni er verið að tjá Sim-Ag5 í byggi og verða frá fyrstu Ag5-byggkynslóð tilbúin til prófunar vorið 2009. Einnig er áætlað að tjá Cul-hyaluronidasa í byggi.

2. *Rannsaka ónæmissvarið og feril sjúkdómsins.* Til að öðlast betri skilning á sjúkdómsferlinu höfum við undanfarin ár fylgst með hestum sem fluttir hafa verið frá Íslandi til Sviss og borið þá saman við íslenska hesta fædda í Sviss. Niðurstöðurnar sýna að ónæmissvar og sjúkdómsmynd sumarexems í útfluttum íslenskum hestum er í veigamiklum atriðum frábrugðin því sem er hjá íslenskum hestum fæddum í Sviss. Ónæmiskerfi hestanna sem fæddir eru á Íslandi virðist sterklega hliðrað inn á ofnæmisbraut og framleiðsla á ofnæmisbælandi boðefnum er mun minni en hjá þeim sem eru fæddir og uppaldir í Sviss. Við teljum þetta vera vegna mismunandi ónæmisreynslu þessara tveggja hópa. Þeir sem fæddir eru hér alast ekki upp með smámýinu, sýkjast af mjög fáum veirutegundum en sníkjudýrasýkingar eru hins vegar ráðandi. Þegar bornir voru saman hestar á Íslandi við tvo fyrrnefnda hópa kom í ljós að hestar á Íslandi eru meira ormasýktir en hestar í Sviss en samt framleiða hvítfrumur úr hestum á Íslandi minna IL-4 eftir ósérvirka örvun og örvun með iðraormum en hvítfrumur úr hestum í Sviss. Þetta virðist vera vegna virkra stjórnunarboðefna IL-10 and TGF-β1. Þrátt fyrir þetta virðist T stjórn á IL-4 framleiðslu eftir örvun með smámýi og eftir ósérvirka örvun vera mun lakari í hestum sem fluttir eru til Sviss en í hestum sem fæddir eru í Sviss.

Til þess að rannsaka staðbundna ónæmissvörun í húð og athuga hvort þar er ójafnvægi milli Th1, Th2 og Tstjórn fruma voru tekin húð- og blóðsýni úr 21 SE hesti og 10 heilbrigðum samanburðarhestum í Svíþjóð. Hestarnir voru allir af íslensku kyni. Tekin voru húðsýni í vefjameinafræði bæði frosin og formalínert, og í “RNA-later” fyrir rauntíma PCR. Blóðsýni voru notuð til að einangra DNA og mæla IgE. Niðurstöður sýndu að SE hestar voru með marktækt hærra af smámýs-sérvirku IgE í blóði en samanburðarhestar. Úrvinnsla úr húðsýnum með rauntíma PCR og ónæmislitun fyrir helstu einkennisfrumur, boðefni og merkisameindir er vel á veg komin.

Veiddar á hrefnu í rannsóknarskyni

Starfslið: Gísli A. Víkingsson (verkefnisstjóri), Droplaug Ólafsdóttir, Sverrir D. Halldórsson, Anna Kristín Daníelsdóttir og Þorvaldur Gunnlaugsson frá Hafrannsóknastofnun, Matthías Kjeld frá Rannsóknastofnun LSH, Guðjón Atli Auðunsson frá RF og Einar Jörundsson og Vilhjálmur Svansson frá Keldum.

Samstarf: Félag hrefnuveiðimanna ofl.

Upphaf: 2003; Áætluð lok 2009.

Í ágúst 2003 hófust viðamiklar rannsóknir á hrefnu hér við land á vegum Hafrannsóknastofnunar. Rannsóknir þessar eru liður í víðtækri áætlun um hvalarannsóknir sem lögð var fyrir vísindanefnd Alþjóða hvalveiðiráðsins í júní 2003. Ákveðið var að hrinda hrefnuhluta áætlunarinnar í framkvæmd og veiddar voru 200 hrefnur á árunum 2003-2007.

Markmið rannsókna eru:

1. Að afla grunnþekkingar á fæðuvistfræði hrefnu hér við land.
2. Að kanna stofngerðhrefnu í Norður Atlandshafi.
3. Að kanna sníkjudýr og heilsufar dýra í hrefnustofninum.
4. Að safna upplýsingum um aldur og viðkomu hrefnu hér við land.
5. Að kanna magn mengunarefna í líffærum.

Sérfræðingar á Keldum koma að rannsóknum á heilsufari dýranna (líður 3 að ofan) sem felur í sér krufningar og sýnatöku til vefja-, gerla- og veirurannsókna.

7. Sjúkdómar í mönnum

Arfgeng heilablæðing, rannsókn á ræktuðum frumum úr arfberum og genatjáningu

Starfslið: Birkir Þór Bragason, Ásbjörg Ósk Snorradóttir, Ástríður Pálsdóttir.
Samstarf: Elías Ólafsson, prófessor og yfirlæknir á Taugalækningadeild Landspítala-Háskólasjúkrahúss, Anders Grubb, prófessor við háskólann í Lundi í Svíþjóð, NimbleGen, Garth Cooper, prófessor við háskólann í Auckland á Nýja Sjálandi.
Upphaf: 2004; Lok: Óviss.

Arfgeng heilablæðing (Hereditary Cystatin C Amyloid Angiopathy, HCCAA) er ríkjandi erfðasjúkdómur með mikla sýnd, sem veldur heilablæðingum og dauða arfbera. Lítið er vitað um orsök sjúkdómsins en stökkbreyting í cystatín C, sem veldur því að leucin aminosýra í tákna 68 verður glútamín (L68Q), hefur fundist í öllum þekktum tilfellum af arfgengri heilablæðingu í mönnum. Stökkbreytt cystatín C prótein kekkjast í mýlildi (amyloid) sem falla út í ýmsum vefjum líkamans, en þó mest í litlum slagæðum í heila, þar sem mýlildin safnast upp og valda að lokum endurteknum heilablæðingum og dauða, venjulega um þrítugt.

Markmið rannsóknarverkefnisins er þrjúþætt: 1) að byggja upp lífsýnasafn með frumu- og vefjasýnum úr arfberum og heilbrigðum viðmiðum, sem notuð verða til frekari rannsókna á sjúkdómnum; 2) að meta og bera saman tjáningu á stökkbreyttu cystatín C mRNA og próteini í eitelfrumum og húðbandfrumum úr arfberum og heilbrigðum til viðmiðunar og kanna seytingu próteinsins út úr frumum; 3) að þróa RNA-þöggunar aðferð (RNA interference) til þess að hindra tjáningu gensins í frumum í rækt með sértæku niðurbroti á mRNA.

Unnið var að uppbyggingu lífsýnasafns með söfnun á frumu- og vefjasýnum og ræktun á frumulínum úr arfberum og heilbrigðum viðmiðum. Tjáning og seyting á cystatín C var skoðuð í eitelfrumulínum, mónócýtum og húðbandfrumum með ónæmislitun og skoðun í confocal smásjá og ónæmisþrykki. Rauntíma-PCR var notað til að meta genatjáningu. Einnig voru útbúnar genaferjur sem voru notaðar til að slökkva á cystatín C tjáningu með RNA-þöggun.

Verkefnið er styrkt af Rannsóknasjóði Háskólans, RANNÍS, Minningarsjóði Helgu Jónsdóttur og Sigurliða Kristjánssonar og nýdokterastyrk Rannsóknasjóðs Háskóla Íslands.

Faraldsfræði arfgengrar heilablæðingar

Starfslið: Ástríður Pálsdóttir, Birkir Þór Bragason,
Samstarf: Snæbjörn Pálsson, Líffræðistofnun Háskóla Íslands. Elías Ólafsson,
Landspítala. Agnar Helgason, Sólveig Grétarsdóttir, Unnur
Þorsteinsdóttir, Kári Stefánsson hjá Íslenskri erfðagreiningu. Hans T
Björnsson.
Upphaf: 2005, Lok óviss

Unnið er að gerð gagnagrunns yfir allar fjölskyldur á Íslandi sem hafa sjúklinga með stökkbreytt cystatin C gen (L68Q) sem veldur arfgengri heilablæðingu. Við söfnun gagna var upphaflega stuðst við doktorsritgerð Árna Árnasonar frá 1935 en einnig voru notuð birt ættartré. Ættartrén voru sannreynd og leiðrétt með upplýsingum úr Íslendingabók Íslenskrar Erfðagreiningar og úr kirkjubókum Þjóðskjalasafns. Sjúkdómsgreiningar voru kannaðar í dánarvottorðum Hagstofu Íslands og sjúkraskrá. Alls hafa fundist 15 ættir á Íslandi, (með nær 300 arfberaeinstaklingum) þar af ein “ný” ætt sem fannst í kirkjubókum á Snæfellsnesi með 13 sjúklingum. Unnt var að DNA-greina 9 af 15 ættunum, en í hinum ættunum dó sjúkdómsgenið út áður en DNA tæknin varð til. Notuð voru 36 DNA sýni úr sjúklingum í ýmsum ættum og gerð setraðgreining á þeim hjá ÍE. Þá kom í ljós að stökkbreytingin varð til fyrir um 18 kynslóðum, eða kringum 1550, líklegast á Íslandi. Við skoðun á ættartjám sást að lifun arfbera minnkaði hratt á 19 öldinni jafn hjá konum sem körlum og í öllum ættum. Lifun þeirra sem fæddust um 1825 stýttist úr u.þ.b. 65 árum í 30 ár miðað við þá sem fæddust um 1900 og hefur haldist óbreytt síðan þá. Þá kom í ljós svæðamunur þegar Barðaströndin var borin saman við önnur svæði (Vesturland og Suðurland). Lækkun í lifun seinkaði í ættum á Barðaströndinni um 20-25 ár. Svo virðist sem stökkbreytingin hafa verið til í ættunum án einkenna í nær þrjár aldir áður en svipgerðin (dauði af völdum heilablæðingar) kom fram. Einnig kom í ljós að uppruni gens skipti máli. Þeir sem erfa genið frá móður deyja 9 árum fyrir (að meðaltali) en þeir sem erfa genið frá föður. Munrinn er mjög marktækur. Unnið er að rannsókn á umhverfisþættinum sem veldur þessu.

Verkefnið er stutt af Rannís (Markáætlun).

Rannsókn á hlutverki ónæmiskerfisins og TGFbeta-1 í arfgengri heilablæðingu

Starfslið: Ásbjörg Ósk Snorradóttir, Ástríður Pálsdóttir, Birkir Þór Bragason.
Samstarf: Elías Ólafsson og Helgi J. Ísaksson, LHS og Mathias Jucker, Hertie
Institute University of Tubingen Þýskalandi. Íslensk erfðagreining.
Upphaf: Maí 2005. Lok: óviss

Arfgeng heilablæðing er séríslenskur sjúkdómur sem stafar af stökkbreytingu (L68Q) í cystatin C sem aftur leiðir til mýlildismyndunar í slagæðum heilans og heilablæðinga hjá ungu fólki.

Markmiðið er að komast að því hvaða prótein hafa bundist í mýlildisfyllta æðaveggi sjúklinga og kanna hlutdeild ónæmiskerfisins í uppsöfnun cystatin C próteina og annarra próteina, sem kunna að finnast þar.

Kannað verður með ónæmislitunum hvort frumur ónæmiskerfisins séu í veggjum heilaeða sjúklinga og hvort bólga eða virkjun magnakerfisins (complement system) hefur átt sér stað.

Þáttur transforming growth factor-beta 1 (TGF-beta1) í vefjaskemmdum heilaeðanna verður rannsakaður. TGF-beta1 getur örvað framleiðslu cystatin C mjög mikið og á móti getur cystatin C latt ofurvirkjun TGF-beta1 með því að hindra bindingu þess við viðtaka sinn (TGF-RII) í frumuhimnunni. Reynt verður að svara spurningunni hvort lækkun á cystatin C magni í mænuvökva geti valdið ójafnvægi á temprun TGF-beta1 boðleiða og hvort stökkbreytt cystatin C sé eins virkt í þessari latavirkni á viðtakann. Það verður gert með ónæmislitunum, notkun á *in vitro* pull-down og próteinþrykki.

Verkefnið er doktorsverkefni Ásbjargar Óskar Snorradóttur og er stutt af styrkjum frá Rannís (Markáætlun), Rannsóknasjóði H.Í., Minningasjóði Helgu Jónsdóttur og Sigurliða Kristjánsonar og framlagi úr Sjóði til rannsókna á arfgengri heilablæðingu.

Rannsókn á genavirkni í frumum arfbera með cystatin C stökkbreytinguna (L68Q) með microarray tækni.

Starfslið: Ásbjörg Ósk Snorradóttir, Ástríður Pálsdóttir, Birkir Þór Bragason.
Samstarf: Elías Ólafsson LSH og Helgi J. Ísaksson, LSH, NimbleGen, Finnboogi R. Þormóðsson, Læknagarði.
Upphaf: 2008 Lok: óljós

Markmið rannsóknarinnar er að finna þau gen sem hafa breytta tjáningu í frumum arfbera með stökkbreytt cystatin C gen í þeirri von að finna ferla sem eru frábrugðnir í arfberum (miðað við viðmið), sem gætu nýst til meðferðar.

Arfberar með cystatin C hafa gefið húðvefssýni sem voru notuð til þess að rækta húðbandvefsfrumur. Þær voru ræktaðar í 48 klst. í sermislausu æti (Optimem, Invitrogen) sem var valið til þess að losna við áhrif vaxtaþátta og hormóna o.fl. úr sermi. Við slíkar aðstæður brotnar stökkbreytt cystatin C niður í ætinu en eðlilegt prótein ekki. Heildar RNA var einangrað úr hverju sýni, breytt í cDNA og þáttaparað við microarrays (NimbleGen) þannig að fjögur sýni eru þáttapöruð samtímis á fjórum arrays á hverju gleri. Hvert array inniheldur 70 000 probes sem eru 60 basapör að lengd. Öll þekkt gen (~25.000) í genamengi mannsins eru á hverju array með 2-7 próba úr hverju geni. Hver einstaklingur var rannsakaður þrisvar (þrjú array) til að auka á marktækni niðurstaðna. Frumniðurstöður hafa fengist úr rannsókninni, þ.e. listi yfir upptjáð gen og niðurtjáð gen arfbera þar sem munur í tjáningu þessara gena milli arfbera og viðmiða er marktækur ($P \leq 10^{-3}$) og sýnir a.m.k. tvöfalda breytingu í tjáningu, upp eða niður (m.v. viðmið). Úrvinnsla er á frumstigi, en ljóst er að mörg genanna tengjast Tgfbeta 1 boðleiðum en einnig öðrum ferlum. Næstu skref er að sannreyna niðurstöður með rauntíma PCR og ónæmislitunum þar sem það á við.

Verkefnið er stutt af styrkjum frá Rannís (Markáætlun) og Minningasjóði Helgu Jónsdóttur og Sigurliða Kristjánsonar.

8. Þjónusta

Almennar þjónusturannsóknir í líffærameinafræði og blóðmeinafræði

Starfslíð: Ólöf G. Sigurðardóttir, Margrét Jónsdóttir, Mareike Heimann, Ómar Runólfsson, Steinunn Árnadóttir.

Þjónusturannsóknir Tilraunastöðvarinnar í meinafræði lúta að krufningum á hræjum, skoðun á líffærum, og vefjarannsóknunum. Rannsókuð eru sýni frá flestum dýrategundum nema sýni úr fiski sem eru rannsókuð af fiskisjúkdómadeild Tilraunastöðvarinnar. Á árinu 2008 voru 305 dýr krufin, og líffæri og vefjasýni úr tæplega 10.000 dýrum skoðuð eins og fram kemur í töflu 1 hér að neðan.

Vefjarannsóknir fara fram bæði sem hluti af frekari greiningu á sýnum frá hræjum og líffærum, en einnig á innsendum vefjasýnum, einkum úr gæludýrum. Rannsóknabeiðnir berast frá dýralæknum og dýraeigendum, en einnig ýmsum öðrum jafnt innan stofnunar sem utan.

Auk þjónusturannsókna í tengslum við sjúkdómagreiningar hefur deildin tekið að sér ýmis sérverkefni (sjá helstu verkefni hér að neðan), og vefjavinnslu að beiðni ýmissa aðila, bæði innan stofnunar og utan. Á árinu 2008 voru unnin yfir 3.200 vefjasýni úr tæplega 2.000 blokkum (sjá töflu 2).

Á árinu komu inn 335 sýni í blóðmeinafræðirannsókn, og voru framkvæmdar 1633 greiningar á þessum sýnum. Við blóðmeinafræðigreiningu er meðal annars blóðstatus kannaður og gerðar mælingar á ensímum og steinefnum. Stór hluti blóðsýna voru liður í verkefni í hrossum sem greint var frá í kafla III.

Í töflu 1 og 2 er gefið yfirlit yfir umfang þjónustu- og rannsóknarverkefna deildarinnar árið 2008.

Tafla 1: Fjöldi sýna í meinafræðirannsóknir

Dýrategund	Hræ	Líffæri	Vefjasýni	Annað	Samtals
Fuglar - Alifuglar	94	17		1	112
Hreindýr	2	2			4
Hross	7	10	2	2	21
Hundar	27	8	81	7	123
Kettir	11	3	4	1	19
Minkar	65				65
Mýs	7	11			18
Nautgripir	3	15	1		19
Rjúpur		100			100
Rottur		10			10
Sauðfé	73	8949		4	9026
Svín	10	13			23
Aðrar tegundir	6	7			13
Samtals	305	9145	88	15	9553

Tafla 2: Vefjavinnsla og blóðmeinafræði

Dýrategund	Fjöldi sýna	
	Vefjavinnsla	Blóðmeinafræði
Fiskar	278	-
Fuglar - Alifuglar	227	-
Hreindýr	41	1
Hross	139	103
Hundar	574	16
Kettir	145	2
Minkar	294	-
Mýs	110	-
Nautgripir	63	7
Rjúpur	123	-
Rottur	40	-
Sauðfé	1039	206
Svín	139	-
Aðrar tegundir	46	-
Samtals	3257	335

Vöktun á áhrifum flúors á kjálka sauðfjár fyrir iðnaðarsvæðið á Grundartanga

Starfslið: Starfsfólk meinafræðideildar.
 Samstarf: Mannvit hf, Matvælastofun og Nýsköpunarmiðstöð Íslands á Keldnaholti.
 Upphaf: 2007. Lok: Óviss.

Tilraunastöðin tók yfir verkefnið sem var í umsjón rannsóknadeildar yfirdýralæknis. Kjálkar úr sauðfé sem slátrað er að hausti eru skoðaðir með tilliti til sýnilegra ábendinga um áreitni af völdum flúors á tennur og bein, og flúormagn í kjálkabeinum er mælt. Sýnin eru úr lömbum og fullorðnu fé frá bæjum í grend við Grundartanga. Alls eru um 100 kjálkar rannsakaðir á ári.

Garnaveikieftirlit

Starfslið: Starfsfólk meinafræðideildar.
 Samstarf: Matvælastofnun.
 Upphaf: 2007. Lok óviss.

Tilraunastöðin tók yfir garnaveikieftirlitinu sem var í umsjón rannsóknardeildar yfirdýralæknis. Á árinu bárust tæplega 9.000 garnasýni úr sauðfé og 8 garnasýni úr nautgripum til rannsóknar á garnaveiki. Af 34 görnum með grunsamlegar breytingar var garnaveiki staðfest í 18 kindum frá 11 bæjum.

Vanhöld unglamba á sauðfjárbúum

Starfslið: Starfsfólk meinafræðideildar og sýkladeildar.
Samstarf: Landbúnaðarháskóli Íslands, Bændasamtök Íslands, Matvælastofnun.
Upphaf: 2007. Lok: 2008.

Á undanförunum árum hefur unglambadauði og fósturlát hjá gemlingum valdið umtalsverðu tjóni án þess að orsakir séu ljósar. Markmið verkefnisins var að fylgjast með sauðfjárbúum þar sem unglambadauði og fósturlát hjá gemlingum kom upp. Hlutverk Tilraunastöðvarinnar í þessu verkefni árið 2008 var annarsvegar að mæla glutathion peroxidasa í blóðsýnum til að meta selenstöðu gemlinga sem misst höfðu fóstur snemma á meðgöngu og hins vegar að sjá um mótefnamælingar í blóðsýnum úr ám með dauð og lifandi fóstur. Mæld voru mótefni gegn eftirfarandi smitefnum sem valdið geta fósturláti: *Brucella ovis* (brucelluveiki), *Coxiella burnetti* (huldu-sótti), *Chlamydia abortus* (smitandi fósturlát), BDV veira (bítlaveiki), og *Toxoplasma gondii* (bogfrymblasótt).

Helstu niðurstöður rannsókna voru þær að ekki reyndist vera skortur á seleni og mæling á mótefnum var neikvæð í öllum tilfellum.

Rannsókn á orsökum lungnaveiki í fé í Öxarfirði og Pistilfirði

Starfslið: Starfsfólk meinafræði- bakteríu-, dýrafræði- og veirufræðideildar.
Samstarf: Matvælastofnun, Búnaðarsamband N-Þingeyjarsýslu.
Upphaf: 2007. Lok: 2008

Undanfarin ár hefur lungnaveiki hrjád sauðfé í N-Þingeyjarsýslu austan Jökulsár á Fjöllum. Lungu og saursýni voru tekin úr rúmlega 50 kindum frá 17 bæjum við slátrum. Að auki voru tekin saursýna úr nokkrum kindum frá einum bæ og blóðsýni úr kindum frá 3 bæjum.

Lungu voru skoðuð m.t.t. stórsærra breytinga og vefjasýni voru tekin úr 1-2 lungum frá hverjum bæ í vefjaskoðun og sýklaræktun. Vefjasýni voru einnig lituð með mótefnum gegn kregðu (*mycoplasma ovipneumonia*). Saursýni voru rannsökuð m.t.t. ormabirgðar.

Helstu niðurstöður eru þær að bólgubreytingar voru yfirleitt ekki alvarlegar né útbreiddar. Bakteríur reyndust ekki vera mikilvægur þáttur í lungnasýking. Mycoplasmasyking var staðfest í öllum þeim lungum sem rannsökuð voru með ónæmislitun, samtals 21. Ekki er hægt að útiloka að undirliggjandi veirusýking hafi einnig verið orsakavaldur bólgubreytinga í fremri lungnablöðum. Í hauslægum lungnablöðum var bólga sökum lungnaormasýkingar. Í saursýnum fundust ekki aðrir lungnaormar en *Muellerius capillaris*.

Þjónusturannsóknir á sýklafræðideild

Starfslið: Eggert Gunnarsson, Guðbjörg Jónsdóttir (launalaust leyfi frá 1/9), Marianna Bergsteinsdóttir (frá 1/9), Signý Bjarnadóttir, Sigríður Hjartardóttir, Vala Friðriksdóttir, Þórunn Þorsteinsdóttir, Ásgeir Ástvaldsson, Hildur Valgeirsdóttir.

Þeir sem biðja um þjónustuna eru bændur og aðrir dýraeigendur, yfirdýralæknir, dýralæknar og ýmsir aðrir, jafnt innan stofnunar sem utan. Góð samvinna er á milli Tilraunastöðvarinnar, dýralækna Matvælastofnunar/yfirdýralæknis sem og annarra dýralækna. Í töflu 1 er yfirlit yfir umfang þessarar starfsemi árið 2008 vegna sjúkdómagreininga og ýmissa sérverkefna (sjá nánar síðar).

Tafla 1: Yfirlit yfir þjónusturannsóknir á sýklafræðideild 2008

Dýra- tegund	Sýkla- ræktanir	Mótefna- mælinga- r	Sýkla- lyfjaleit	Sveppar- ækt	Salmonella- ræktun	Campylo- bacter ræktun	Annað	Samtals
Hross	63		2	2	53		179	299
Nautgripir	9	186	297	28	15			535
Sauðfé/ geitur	131	110	10	5	68	37	3	364
Svín	17	1844	2		297			2160
Alifuglar	43		1		4192	2067		6303
Aðrir fuglar					5			5
Nagdýr/ skriðdýr					7			7
Loðdýr		3698						3698
Hundar	93			30	22	2		147
Kettir	16			2	2			20
Annað	26				92			118
Samtals	398	5838	312	67	4753	2106	182	13656

Sýklaræktanir: Flest sýnin bárust deildinni í almenna sýklaræktun í tengslum við krufningar.

Hringskyrfi: Húðsýkingar af völdum sveppa voru talsvert áberandi á árinu 2007, bæði í hundum, köttum, hrossum og nautgripum. Árið 2008 greindist *Trichophyton verrucosum* í nautgrip og einnig greindist *Trichophyton* spp. og *Microsporum* spp í hrossum. Um stök tilfelli var að ræða.

Salmonella og Campylobacter rannsóknir: Langflest sýnin bárust vegna reglubundins eftirlits með alifuglabúum og slátrun alifugla og vegna eftirlits með salmónellusýkingum í svínum og við slátrun svína.” (sjá undir sérstök verkefni). Stofnunin fær öðru hvoru til rannsókna slöngur, skjaldbökur og skriðdýr sem lögregla/tollayfirvöld hafa lagt hald á og fyrirskipað að skuli lógað. Við ræktun frá þessum dýrum finnast nær undantekningarlaust salmónella bakteríur. Á árinu 2008 greindist *S. Infantis* í einni slöngu og *S. Oranieburg* í annari. *S. Newport/Bardo* greindist í eðlu.

Þann 21. desember varð vart við veikindi í hrossum á útigangi í Norðurgröf við Esjurætur. Eitt hross var þegar dautt en alls voru 44 hross í girðingunni, bæði tamin hross og trippi. Helstu einkenni voru hiti, slappleiki og niðurgangur. Hrossin voru fóðruð á heyi og síld gefin úr lokaðri tunnu. Stundum var gefið brauð. Hrossin voru í góðum holdum. Aðgangur að rennandi vatni var í girðingunni þar sem lækur úr Esjunni rennur þar í gegn en ummerki voru um að hrossin hefðu krafsað í vatn í tjörn sem er nærri gjafastaðnum en snjóvar yfir öllu. Jörðin hefur verið notuð til hrossabeitar um langt árabíl. Ekki er annar búfénaður á jörðinni og hún að mestu afgirt. Strax var farið í það að meðhöndla tamin hross og þau veikustu og um kvöldið var hafist handa við að flytja hross í húsaskjól. Tveimur dögum eftir að veikindanna varð fyrst vart voru öll hross komin í hús en þá þegar höfðu 3 hross til viðbótar drepist í haganum. Rannsóknir á Keldum leiddu í ljós að um var að ræða

sýkingu af völdum *Salmonella* Typhimurium. Sýkinginn reyndist óvenju hastarleg. Þegar upp var staðið höfðu drepist eða var lógað af völdum sjúkdómsins 27 af 44 hrossum þrátt fyrir ítarlega meðferð þeirra. Alls veiktust 38 af 44 hrossum (38 %) og þar af drápu 27 (61 %). Lækning heppnaðist á 11 hrossum en 6 hross fengu engin einkenni. Meðal þeirra sem veiktust var dánartíðnin 71 %.

Mótefnamælingar: Flest sýni í mótefnapróf bárust vegna eftirlits með *plasmacytosis* í minkum. (sjá undir sérstök verkefni). Deildin hefur einnig séð um garnaveikiþrófun á nautgripum og sauðfé og eins hefur verið notað mótefnapróf til greiningar á mótefnum gegn salmónellu í kjötsafa úr svínakjöti.

Rannsóknir á sýklalyfjaleifum í mjólk og sláturafurðum: Leitað var að sýklalyfjaleifum í mjólk og sláturafurðum, sjá nánar undir liðnum sérstök verkefni.

Erlendar rannsóknir: Á árinu voru send út 1247 sýni vegan skimunar Matvælastofnunar fyrir ýmsum sjúkdómum í alidýrum (ekki með í töflunni). Einnig eru send blóðsýni úr hundum og köttum sem flytja á úr landi til mælinga á mótefnum gegn hundaeði eftir bólusetningu. Oftast er um að ræða tiltölulega fá sýni í hvert próf og hefur því ekki þótt hagkvæmt að setja prófanirnar upp hérlendis. Í lang flestum tilvikum eru sýnin send til Veterinærinstituttet í Danmörku en einnig til Statens Veterinærmedisinska Anstalt í Svíþjóð.

Eftirlit með *plasmacytosis* í alimink á Íslandi

Samstarf: Samband íslenskra loðdýraræktenda og minkabændur.
Upphaf: 1983.

Plasmacytosis er veirusjúkdómur sem olli minkabændum miklum búsifjum á upphafsárum minkaræktar hér á landi. Eftir niðurskurð og sóttthreinsun á öllum starfandi minkabúum á landinu árið 1983 var fluttur inn nýr, heilbrigður stofn. Fylgst er með öllum minkabúum á landinu með reglubundnum blóðprófunum. Er leitast við að prófa sem nemur um 10-15 % af minkastofninum á hverju ári. Í lok febrúar ársins 1996 greindist jákvætt blóðsýni á minkabúi á Norðurlandi. Síðar um vorið var staðfest að um raunverulega sýkingu væri að ræða en þá reyndust tvö sýni af 38 vera jákvæð í *plasmacytosis*prófi.

Þar sem þetta var í fyrsta sinn sem sjúkdómurinn greindist í alimink frá því að skipt var um stofn á árunum 1983-1985 var ákveðið að skera niður allan minkastofninn á búinu á pelsunartíma, sóttthreinsa og kaupa inn ný, heilbrigð dýr. Ný dýr voru flutt á búið í apríl 1997 og búið sett í sóttkví.

Haustið 2002 vaknaði grunur um *plasmacytosis*smit í minkabúinu á Breið í Skagafirði. Ítarlegar rannsóknir leiddu í ljós að um falska jákvæða svörun var að ræða.

Í lok október 2005 greindust 31 sýni af 60 (52 %) jákvæð í *plasmacytosis*prófi frá minkabúinu í Brautarholti í Skagafirði og skömmu síðar 67 af 120 (56 %) sýnum frá Kringlumýri í Skagafirði. Prófin voru endutekin og greiningin staðfest á rannsóknarstofu Dansk pelsdyravlerforenig í Danmörku. Þetta var verulegt áfall en sjúkdómurinn hafði ekki greinst í alimink hér á landi í tæp 10 ár. Ákveðið var að skera niður allan stofninn á þessum tveimur búum, þrifa og sóttthreinsa og freista þess þannig að útrýma sjúkdómnum.

Á s.l. ári greindist enn jákvæð sýni í *plasmacytosis*prófi. Í þetta sinn á Óslandi í Hofshrepp í Skagafirði. Enn sem fyrr var ákveðið að skera niður, sóttthreinsa og

skipta um stofn. Það er mikils um vert að halda þessum sjúkdómi í skefjum í alimink og koma í veg fyrir að hann nái sér á strik.

Líklegast er að um smit frá villimink sé að ræða. Sjúkdómurinn er landlægur í villimink hérlendis og því þarf að halda uppi reglubundnu eftirliti á aliminkabúum. Í samvinnu við Náttúrufræðistofu Vesturlands hefur verið í gangi rannsókn á tíðni mótefna gegn plasmacytosis í villimink. Á árunum 1997-2003 var safnað blóðsýnum úr 423 dýrum úr 20 sýslum og þau prófuð fyrir plasmacytosis. Alls hafa fundist 62 jákvæð sýni (15 %) úr 10 sýslum. Virðist sjúkdómurinn hafa breiðst út í villta minkastofninum frá því síðasta athugun fór fram á árunum 1986-1987 en þá var tíðnin 3.6 % og á mjög afmörkuðu landsvæði.

Á árinu 2008 voru starfandi 17 minkabú á landinu.

***Campylobacter* eftirlit í alifuglaframleiðslu**

Samstarf: Matvælastofnun

Upphaf: 1999.

Árið 1999 varð vart við óvenju háa tíðni *Campylobactersýkinga* í fólki hér á landi. Grunur beindist fljótlega að kjúklingum sem orsök smits. Frá því um mitt ár 1999 hefur verið reglubundið eftirlit með *Campylobacter* mengun til þess að reyna að stemma stigu við smitdreifingu frá þessum afurðum. Tekin eru saursýni úr hverjum einasta eldishóp 2-5 dögum fyrir slátrun. Enn fremur eru tekin botlangasýni við slátrun. Reynist fuglarnir jákvæðir er einungis leyft að selja afurðirnar frosnar en rannsóknir hafa sýnt að frysting dregur verulega úr smitmagni. Hafa þessar aðgerðir dregið verulega úr tíðni *Campylobactersýkinga* í fólki hér á landi. Einnig hefur dregið mjög úr tíðni *Campylobacter* í kjúklingum en hún er mjög árstíðabundin og langhæst í ágústmánuði.

Salmónellamengun í kjúklingaeldi

Samstarf: Matvælastofnun

Upphaf: 1993.

Fylgst er reglulega með salmónellumengun í alifuglum og alifuglaafurðum. Send eru sýni til rannsókna úr hverjum einasta sláturfuglahóp þegar fuglarnir eru um hálfsmánaða gamlir. Alifuglaframleiðendum er ekki skylt að senda öll sýni til Keldna heldur geta þeir einnig notað aðrar rannsóknarstofur sem Matvælastofnun hefur viðurkennt. Keldur greindu *Salmonella Agona* greindist í einum eldishóp á árinu. Eldishópum sem salmónella greinist í er fargað og fara afurðir frá þeim aldrei á markað.

Einnig eru tekin hálsaskinnsýni í sláturhúsum til þess að fylgjast með mengun við slátrun. Þau sýni koma öll til Keldna. *S. Hartford* greindist í einum sláturhóp síðla árs.

Salmonellaeftirlit í svínunum

Samstarf: Matvælastofnun
Upphaf: 2001.

Fylgst er með Salmonella á svínabúum með þrennum hætti. Í fyrsta lagi með svokölluðu kjötsafaprófi en með því er leitað að mótefnum gegn salmonellu á öllum svínabúum landsins og gefa niðurstöður vísbendingu um smítalag. Í öðru lagi eru tekin saursýni á búunum til þess að athuga um hvaða stofna er að ræða. Í þriðja lagi eru tekin stroksýni af skrokkum af svínunum frá sýktum búum til þess að koma í veg fyrir að mengaðar afurðir berist á markað. Langoftast er beitt svokölluðu Tecra prófi við rannsóknir á stroksýnum en það er sérstakt, hraðvirkt greiningarpróf. Niðurstöður liggja fyrir daginn eftir slátrun. Finnist Salmonella við þessar athuganir er ekki heimilt að senda þessar afurðir ferskar á markað heldur skulu þær sæta hitameðferð. Allar jákvæðar salmonellaræktanir eru sendar til staðfestingar og typugreiningar Sýkladeild LSH. Jákvæð Tecrapróf eru staðfest með hefðbundinni ræktun og stofnarnir sömuleiðis typugreindir.

Óvenju mikið greindist af Salmonellu í svínunum síðara hluta ársins og var flóran óvenju fjölbreytt. Þeir stofnar sem greindust í saursýnum voru *S. Duisburg/Salinatis*, *S. Worthington* og *S. Kedougou*. Stofnar sem greindust úr jákvæðum Tecraprófum voru *S. Duisburg/Salinatis*, *S. Schwarzengrund* og *S. Madras*. Með öflugum eftirliti við slátrun virðist hafa tekist að koma í veg fyrir að mengaðar afurðir fari á markað.

Sýklalyfjaleifar í mjólk

Samstarf: Matvælastofnun og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga.
Upphaf: 1998.

Þessar rannsóknir eru framkvæmdar að beiðni Yfirdýralæknisembættisins og í nánu samstarfi við dýralækni jógursjúkdóma. Rannsóknirnar eru hluti af verkefni á vegum Matvælastofnunar þar sem verið er að leita að aðskotaefnum í mjólk. Árlega er tekinn ákveðinn fjöldi mjólkursýna á mjólkurbúum víðsvegar um land. Á árinu voru rannsökuð 294 mjólkursýni. Sýklalyfjaleifar fundust ekki í neinu sýnanna.

Sýklalyfjaleifar í sláturfurðum

Samstarf: Matvælastofnun
Upphaf: 1991.

Vegna aukinna krafna um öryggi matvæla og hreinleika þeirra, ekki aðeins með útflutning í huga heldur einnig með tilliti til neyslu innanlands hefur eftirlit með aðskotaefnum í sláturfurðum verið stóraukið á undanförunum árum. Að beiðni yfirdýralæknis hefur Tilraunastöðin tekið að sér leit að sýklalyfjaleifum í sláturfurðum. Rannsókuð eru sýni úr nautgripum, svínunum, sauðfé og hrossum samkvæmt fyrirfram ákveðinni áætlun. Notað er svokallað agardreifipróf. Prófið byggist á athugun á því hvort nýru úr sláturgripum innihaldi efni sem koma í veg fyrir vöxt bakteríunnar, *Bacillus subtilis* á agaræti við tvö mismunandi sýrustig. Aðferðin þykir ekki nógu næm fyrir þessar rannsóknir og var því ákveðið að senda sýni erlendis til

rannsóknar. Á Keldum voru því einungis rannsökuð 18 sýni með þessari aðferð á árinu 2008. Sýklalyfjaleifar fundust ekki í neinu sýnanna.

Þjónusturannsóknir vegna riðu

Starfslið: Jóna Aðalheiður Aðólfsdóttir, Margrét Jónsdóttir, Ómar Runólfsson, Steinunn Árnadóttir, Marianne Jensdóttir og Stefanía Þorgeirsdóttir.
Samstarf: Matvælastofnun.

Á Keldum er árlega skimað fyrir riðu í nokkur þúsund heilasýnum úr fullorðnu sláturfé auk sýna úr áhættuhópum eða fé með sjúkdómseinkenni. Einnig eru prófuð reglulega sýni úr nautgripum vegna eftirlits með kúariðu. Þessar rannsóknir eru gerðar í samstarfi við Matvælastofnun sem fer með eftirlitsskyldu þessara sjúkdóma hér á landi. Síðustu fimm ár höfum við notast við fljótvirk Elísu-próf (TeSeE, Bio-Rad) en auk kúariðu og klassískrar riðu í kindum greinir það einnig óhefðbundin riðutilfelli eða Nor98 riðu. Í Elísu-prófinu er mælt magn riðusmitefnis í heila, en til að staðfesta riðusmit ef sýni reynast jákvæð, er notað próteinþrykk.

